

SHALDOR
skoðun 14



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk



Garðborð og tveir stólar
Europpris
Verð: Kr 6990. Sparaðu kr 3280

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

18. júlí 2012
167. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeim tölkönum Capacent Gallup í maí - mars 2012

Vistmenn fá vínveitingar

Bryddað verður upp á þeirri nýjung á Dvalarheimilinu Hrafnistu að selja heimilisfólki og gestum áfenga drykki í endurnýjuðum matsal sem gera á að kaffihúsi. Bylting í þjónustunni við fólk, segir forstjórinn.

FÓLK „Við erum bara að auka þjónustuna við fólk okkar,“ segir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu í Reykjavík, sem sótt hefur um vínveitingaleyfi fyrir kaffihús sem opnað verður í dvalarheimilinu í sumarlok.

Um er að ræða nýjung sem á aðeins við um dvalarheimili Hrafnistu í Reykjavík. „Við erum að endurnýja matsal heimilismanna og gera þar kaffihúsastemningu. Þar geta heimilismenn, þeirra gestir og aðrir keypt sér vín með mat og öðru ef þeir hafa áhuga á,“ útskýrir forstjórinn.

Sækja þarf um leyfi til að selja áfengi og það mál er nú í sínu ferli. Skipulagstjórinn í Reykjavík segir fyrir sitt leyti engar

“ Og ef heimilismenn vilja setjast út í sólna með rauðvín þá er það bara hið besta mál.

PÉTUR MAGNÚSSON
FORSTJÓRI HRAFNISTU Í REYKJAVÍK



skipulagslegar forsendur í veginum.

„Með þessu geta Pétur og Páll dottið inn og heimsótt sitt fólk og farið með því í kaffi því að margir af okkur heimilismönnum eru í þannig ástandi að þeir eiga mjög erfitt með að fara út í bæ á kaffihús. Það er okkar stefna að hafa sem fjölbreyttasta þjónustu fyrir okkar fólk og aðra sem hér eru,“ segir Pétur.

Sem fyrr segir er um nýjung að

ræða og forstjórinn segir í raun um ákveðna byltingu að ræða. „Við erum með ýmsar hátíðir og skemmtanir með heimilismönnum. Þá er kannski fínn kvöldverður og skemmtatriði og þá er gaman að því að fólk geti fengið sér léttvín og bjór með matnum. Og ef heimilismenn vilja setjast út í sólna með rauðvín þá er það bara hið besta mál,“ segir forstjórinn.

Að sögn Péturs er áætlað að

matsalurinn gamli sem nýtt kaffihús í lok ágúst eða byrjun september. Salurinn er nú lokaður í nokkra mánuði á meðan verið er að endurnýja innréttingar og annað þar innanstokks.

Fréttablaðið hefur sagt frá því að áfengisneysla eldri borgara hafi aukist töluvert á undanförunum árum. Pétur kveðst ekki hafa áhyggjur af þessu í sambandi við vínveitingar á Hrafnistu.

„Við fylgjumst með því hjá okkar heimilisfólki og ef þetta verður virkilegt vandamál þá skoðum við það með viðkomandi. Við höfum ekki fengið neinar athugasemdir ennþá heldur bara ánægju þar sem við höfum kynnt þetta,“ segir forstjóri Hrafnistu.

-gar



Í bandarísku sjónvarpi

Björn Thors leikur vonda karlinn í einum þætti nýrrar bandarískrar þáttaraðar, *Transporters*.

popp 34

Gengið í gegnum minningarnar

Hin ótrúlega píligrímsganga Harolds Fry er yndislestur að mati gagnrýnanda.

menning 27




Valskonur minntu á sig

Þrjú mörk á fimm mínútum tryggði Val kærkominn sigur á Eyjakonum.

sport 30

veðrið í dag



VÆTA VÍÐA Í dag verður hæg breytileg átt og rigning NV- og V til, en annars skýjað með köflum og skúrir. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4



STRIT MILLI STRÍÐA Þessi garpur lét sér ekki leiðast á meðan hann beið eftir því að vegamerkingarnar þornuðu við hringtorg í Grafarvogi. Hann henti sér heldur niður og tók nokkrar armbeygjur og -rættur, enda óþarfi að láta tímann fara til spillis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sumarið í ár er mesta þurrkatíð sem margir landsmenn hafa upplifað:

Bændur stíga regndansinn

VEÐURFAR „Það er kannski ekki nema von að bændur séu farnir að stíga regndansinn,“ segir Árni Jón Eypórsson, bóndi á Bálkastöðum í Hrutafirði. Bændur sem eiga tún á melum uppskera aðeins brot af því heyi sem þeir myndu gera í venjulegu árferði. Sjálfur á hann eitt tún á melum og fékk af því aðeins sjö rúllur þar sem hann áður fékk fjörutíu.

Ástandið er grafalvarlegt, segja laxveiðimenn. Á eru víða vatnslitlar, eins og í Borgarfirði og Dalasýslu, en ögn skárra á Norðvesturlandi. „Nú spyrja menn ekki lengur hvort það sé

“ Nú spyrja menn ekki lengur hvort það sé lax í ánni heldur hvort það sé yfirleitt vatn í ánni.

ÓÐINN SIGÞÓRSSON
FORMAÐUR LANDSSAMBANDS
VEIÐIFÉLAGA

lax í ánni heldur hvort það sé yfirleitt vatn í ánni,“ segir Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga. Hann segir þurrkana hafa haft tvenns konar áhrif á laxveiðimenn. Bæði sé sólskin hið versta veðurfar til

laxveiða og svo sé laxinn hættur að taka enda þrekaður í svo súrefnislitlu vatni.

Júnímánuður hefur ekki verið þurrari en í ár í Stykkishólmi síðan mælingar hófust árið 1857. Svipaða sögu er að segja af Reykjanesi og Vestmannaeyjum en þar hafa menn varla við að vökva íþróttavelli og í Eyjum verða þeir að vökva Herjólfsdalinn nær daglega svo hann verði boðlegur á þjóðhátíð. „Það er bara lífsblómið sem lætur sér nægja að vera vökvað einungis um helgar,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri.

- jse/ sjá síðu 12

Stjórnlagaráðstillögur:

Kosið verður 20. október

STJÓRNSÝSLA Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs mun fara fram hinn 20. október næstkomandi, nema Alþingi ákveði annað. Þetta staðfestir Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi innanríkisráðuneytisins, í samtali við Fréttablaðið.

Óljóst hefur verið hvenær kosningin muni fara fram, þar sem þingsályktunartillaga þar að lútandi tekur ekkert fram nema að kjörið fari fram eigi síðar en 20. október.

„Í svari frá forseta Alþingis hafi komið fram að hann líti svo á að dagsetningin sé 20. október. Við verðum svo látin vita ef Alþingi ákveður annað,“ segir

Jóhannes. „Því heldur undirbúningur okkar áfram og miðar við að kosið verði þann dag.“ - þj



ÞEKKIR ÞÚ
BLÓMIÐ?
RÍKULEGA
MYNDSKREYTT
ÍSLENSKA
PLÖNTUHANDBÓKIN
www.forlagid.is

NÝJUNG!
Ljótur að utan
- ljúfur að innan
Ljótur

SPURNING DAGSINS



Gulli, hittu þeir þarna naglann á höfuðið?

„Það má vera en mér þykir betra að skrífa hlutina fasta. Það er öruggara.“

Gulli Helga fékk ákúru frá Vinnueftirlitinu fyrir vinnubrögð í þætti sínum Gulli byggir á RÚV. Hann gekkst við því að eitt og annað mætti betur fara hjá sér.

749 bátar hafa landað afla: Fleiri á strandveiðum í ár

SIÁVARÚTVEGUR Alls hafa 749 bátar landað afla í strandveiðikerfinu þetta sumarið, en samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu hafa um 760 bátar fengið leyfi til veiðanna.

Þetta eru nokkuð fleiri bátar en síðasta sumar þegar 685 bátar stunduðu strandveiðar, en svipað og sumarið þar áður þegar 741 strandveiðibátar landaði afla.

Það sem af er sumri hafa rúmlega 7.100 tonn komið á land, en leyfilegt er að veiða 8.600 tonn sem skipt er milli svæða og tímabils.

Styr hefur staðið um fyrirkomulagið þar sem leyfilegt aflamagn klárast jafnan á fyrstu dögum hvers tímabils, en þá ber nú upp á dagana fyrir verslunarmannahelgi.



NORÐAN VATNAJÖKULS Þýsku hjónin ætluðu að ganga yfir Eyjabakkajökul.

Ferðamenn týndir á jökli:

Þyrlan leitaði þýskra hjóna

LANDHELGISGÆSLAN Þyrla Landhelgisgæslunnar leitaði þýskra hjóna norðan Vatnajökuls í gær sem ætluðu að ganga yfir Eyjabakkajökul í norðaustanverðum Vatnajökli. Þau snéru við á laugardagskvöld en þegar þau skiluðu sér ekki fór skálavörður í Snæfells-skála að hafa áhyggjur og hringdi eftir aðstoð.

Þegar samband var haft við lögregluna í gærkvöld hafði þyrlan grófskannað leitarsvæðið en ekki fundið vísbendingar um fólk. Leit var hætt seint í gærkvöld og verður áfram haldið í dag. Hjónin eru talin vera á göngu á illfæru svæði norðan jökulsins.

Segir markmið Íbúðalánasjóðs ekki að standa í hörðum samkeppnisrekstri:

Lánabakið tekið til endurskoðunar

EFNAHAGSMÁL Til stendur að taka til endurskoðunar 20 milljón króna útlánabak húsnæðislána Íbúðalánasjóðs.

Sigurður Erlingsson, forstjóri sjóðsins, segir endurskoðun lánabaksins hafa verið til umfjöllunar á síðasta stjórnarfund. „Við höfum hug á því að framreikna þakið og uppfæra okkar hámarkslán,“ segir hann. Í framhaldinu yrði svo búin til umgjörð þar sem hámarkslán sjóðsins væru til endurskoðunar árlega. Í athugasemd sem greiningarfyrirtækið Moody's birti um helgina er minnkandi markaðshlutdeild Íbúða-



REYKJAVÍK Moody's benti nýverið á að markaðshlutdeild Íls hafi minnkað.

lánasjóðs á fasteignamarkaði sögð „þrýsta á“ lánsþæfismat sjóðsins. Sigurður segir ekki tilefni til að bregðast sérstaklega við skrifum

Moody's, enda sé bara um að ræða einn þátt af mörgum sem fyrirtækið horfi til við lánsþæfismat sitt. Einkunn sjóðsins hafi alla jafna fylgt ríkinu, enda veiti það lánnum sjóðsins bakabýrgð.

Hann segir markmið sjóðsins ekki að vera í hörðum samkeppnisrekstri, þótt hann komi til með að bjóða áfram góðar vörur á markaði íbúðalána. Þannig ætli sjóðurinn með haustinu að bjóða upp á óverðtryggð lán, líkt og bankarnir hafi gert. „Við ætlum ekki að láta ýta okkur hægt og rólega út af markaðnum.“

- óká

Listastarfsemin er í gíslingu skriffræðis

Hús Héraðsskólans á Laugarvatni stendur autt og málefni þess virðast í ólestri. Á meðan gæti svo farið að starfsemi Gullkistunnar verði á hrakhólum eftir ár. Sveitarstjóri vill líf í húsið en hið opinbera, sem á það, virðir hann ekki svars.

MENNING Svo gæti farið að Gullkistan, sem heldur úti gistiaðstöðu og aðsetri fyrir listamenn á Laugarvatni, verði á hrakhólum innan árs. Alda Sigurðardóttir, annar forkólfa Gullkistunnar, segir þetta undarlega upplifun því starfsemin hafi verið með blóma síðastliðin fjögur ár og fyrirtækið sé vel rekið og skuldfraust. Þar á ofan sé hús Héraðsskólans á Laugarvatni, sem ávallt hefur verið hinn ákjósanlegasti staður fyrir starfsemina, autt og ónotað um þessar mundir.

Nú hefur Gullkistan aðstöðu við bæinn í Eyvindartungu og í íbúðum byggingafélags námsmanna.

„Nú hefur okkur hins vegar verið sagt upp á bænum svo við höfum eitt ár þar til viðbótar en svo er framtíðin alls óráðin varðandi íbúðir byggingafélagsins,“ segir Alda.

„Við höfum fengið þrjár umsóknir fyrir sumarið 2014 sem við höfum bara ekki getað svarað vegna þessarar óvissu.“

Hún segir að reynt hafi verið að fá aðstöðu í hinu sögufræga húsi Héraðsskólans á Laugarvatni sem stendur nú autt en málefni þess virðast í miklum ólestri. Byggingin er í eigu ríkissjóðs.

„Við höfum rætt við menntamálaráðherra sem hefur skilning á málinu en það hefur samt ekkert þokast áfram,“ segir Alda. „Hugmyndin hjá Jónasi frá Hriflu, sem lét reisa húsið, var alltaf að hafa þarna skóla á veturna og síðan hótél á sumrin þar sem listamenn fengju að dvelja enda var Halldór Laxness þar mikið, Jón Leifs og aðrir merkir menn. En síðan urðum við Íslendingar neyslu-



HÚS GAMLA HÉRAÐSSKÓLANS Á LAUGARVATNI Búið er að gera upp húsið, sem var farið að láta á sjá eins og þessi mynd ber með sér, en það þarf víst að taka til í kerfinu svo það komist í gagn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Pað eru margir gáttaðir á þrjóskunni á okkur að vilja halda okkur í húsnæðisóreiðunni hér á Laugarvatni...

ALDA SIGURDARDÓTTIR
FORRÁÐAMAÐUR GULLKISTUNNAR



brjálaðir í stríðinu og allar hugsjónir gleymdust og enn í dag virðumst við ekki ætla að vakna til vitundar. Hriflu-Jónas er örugglega búinn að margsnúa sér í gröfinni,“ segir Alda.

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógarbyggðar, segir það einlæga ósk sveitarfélagsins að líf færist í húsið. „Við höfum margitrekad það við bæði menntamálaráðuneytið og Fasteignir ríkissjóðs en við fáum bara engin svör,“ segir hann.

Alda segir að Gullkistunni hafi

verið boðið aðsetur á öðrum stöðum á landinu. „Það eru margir gáttaðir á þrjóskunni í okkur að vilja halda okkur í húsnæðisóreiðunni hér á Laugarvatni á meðan okkur standa opnar dyr annars staðar, en sagan og viss áttthaga-bönd halda okkur herna.“

Í ár tekur Gullkistan á móti hundraðasta gesti sínum en nú eru átta listamenn í kistunni. Hvorki búrast svör frá menntamálaráðherra né ráðuneytinu þegar Fréttablaðið óskaði eftir þeim í gær.

js@frettabladid.is

Náttúrufræðistofnun Íslands:

Frjókorn eru nú í hámarki

NÁTTÚRA Grasfrjókorn eru nú í hámarki samkvæmt mælingum Náttúrufræðistofnunar og hefur það nokkur áhrif á fólk sem þjáist af frjókornaofnæmi. Gera má ráð fyrir miklu frjókornamagni fram í miðjan ágúst.

Aðalsteinn Jens Loftsson, lyfjafræðingur og lyfsali, sagði í viðtali við Stöð 2 í gærkvöldi að einfalt væri fyrir fólk að sannreyna hvort það þjáist af ofnæmi eða ekki. Ofnæmi birtist yfirleitt sem kvef og glært nefrennsli og einnig fylgir kláði í augum.

- bþh



HLÍÐIN BRENNUR Skógareldarnir á Kanaríeyjum geisa ekki á ferðamannasvæðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skógareldar á Kanaríeyjum: Íslendingar ekki í hættu

KANARÍEYJAR Íslendingum á Kanaríeyjum stafar ekki hættu af skógareldum sem þar loga. Eldarnir hafa nú þegar farið yfir þúsundir hektara lands og nokkur hundruð íbúar hafa verið fluttir á brott vegna eldanna. Skógareldarnir loga ekki á ferðamannasvæðum. Enn logar á eyjunum Tenerife, La Palma og La Gomera en búið er að ná tókum á eldunum á tveimur síðastnefndu eyjunum.

Miklir þurrkar og lofthiti hafa skapað kjöraðstæður fyrir skógarelda en um þúsund slökkviliðsmenn hafa reynt að hemja eldana undanfarna daga. Notaðar eru þyrlur en þær áttu í erfiðleikum með að sækja sjó vegna mikillar ölduhæðar við eyjarnar í gær. Búndnar eru vonir við að eldarnir verði slökktir á næstu dögum þar sem veðurútlit er gott.

- bþh

ÍSRAEL

Ríkisstjórn Netanjahú veikist

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, varð fyrir áfalli í gær þegar miðjuflokkurinn Kadima hætti stuðningi við ríkisstjórn hans. Í mai hætti Netanjahú við að boða til snemmbúinna kosninga eftir að samkomulag náðist við flokkinn um stuðning við ríkisstjórnina en sá stuðningur reyndist skammvinnur.

Rauði krossinn fer í reglulegar heimsóknir til langveikra, aldraðra og fatlaðra:

Óku um göturnar í hundakerru

FÓLK Óvenjuleg sjón blasti við vegfarendum á Egilsstöðum á föstudaginn var þegar aldraðir vistmenn á sjúkradeild Héraðssjúkrahúss Austurlands þeystust um götur í nágrenni sjúkrahússins á vagni sem tveir hundar drógu.

Ókuferðirnar reyndust á vegum Hjördísar Hilmarsdóttur, sjálfboðaliða hjá Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða krossins á Íslandi en Hjördís fer í reglulegar heimsóknir með hundinn Eld til vistmanna á sjúkradeildinni. Eldur er af tegundinni Síberíu Huský en í þetta skiptið var hvolpurinn Bergur með í för. Þá spennti Hjördís þá fyrir vagn og bauð áhugasömum upp á stuttar ferðir með vagninum.

Reyndist lítil áhugi á ferðunum fyrst um sinn en eftir að einn vistmaður braut ísinn létu fjórir til viðbótar tilleiðast og skemmtu sér víst hið besta.

Um 550 sjálfboðaliðar Rauða krossins taka þátt í vikulegum heimsóknum líkum þessari til um 650 manns á ári. Markmiðið með heimsóknunum er að rjúfa félagslega einangrun og einmanaleika vistmanna á stofnunum og heimilum meðal annars fyrir langveik börn, aldraða og fatlaða.





EGILSSTÖÐUM Á FÖSTUDAG Áhugasamir gestir á sjúkradeild Héraðssjúkrahúss Austurlands fengu ókuferðir með óhefðbundnum fararskjóta í blíðunni á Egilsstöðum.

MYND/MARGRÉT ADALSTEINSDÓTTIR

Þá eru tæplega fimmtíu sérþjálfaðir hundar stundum með í för en hundarnir ná oft betur til þeirra sem eiga erfitt með samskipti við annað fólk.

- bþl



Sælutillboð

Njóttu sveitasælnnar – kynntu þér tilboðin á hotelork.is



HÓTEL ÖRK
.....

Breiðumörk 1c, 810 Hveragerði / www.hotelork.is / info@hotel-ork.is / sími: 483 4700

SUMARDAGAR RÚMGOTT

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóbbaki?
- Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjósklos
 - samföllnum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur
Komdu í greiningu



Heilsurúm á tilboði

VERÐDÆMI:
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: 70.224
Tvíbreitt: 129.336

FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg
rafmagnsrúm á
Frábæru verði



Einbreið rafmagnsrúm:
Verð frá 190.049.-

Tvíbreið rafmagnsrúm:
Verð frá 346.995.-

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing
– Eingungis greiðist lántökugjald

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
**Rúm
Gott**
ÍSLENSK HEILSURÚM

GENGIÐ 17.07.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	126,55	127,15
Sterlingspund	197,82	198,78
Evra	155,47	156,33
Dönsk króna	20,888	21,01
Norsk króna	20,801	20,923
Sænsk króna	18,052	18,158
Japanskt jen	1,6006	1,61

SDR 191,67

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,6444

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

STJÓRNLAGADÓMSTÓLL ÞÝSKALANDS
Lætur ekki undan þrýstingi um flýtimeðferð.

NORDICPHOTOS/AFP

Lögmati neyðarsjóðs ESB:
Úrskurður ekki fyrir en í haust

ÞÝSKALAND Stjórnlagadómstóll Þýskalands ætla að kveða upp úrskurð í haust um það, hvort nýr neyðarsjóður evruríkjanna stenst ákvæði þýsku stjórnarskrárinnar.

Leiðtogar þýsku ríkisstjórnarinnar hafa hvatt dómstólinn til að gefa málinu flýtimeðferð og vonuðust eftir niðurstöðu strax í þessum mánuði, en dagsetningin 12. september hefur nú verið fastsett.

Neyðarsjóðurinn gegnir því hlutverki að koma evruríkjum til bjargar, sem ráða ekki við skuldavanda sinn.

- gb

LEIÐRÉTT

Rangt var farið með nafn í tilvitnun þegar vitnað var í orð viðmælanda í frétt um opinn brunn á Kjalarnesi í blaðinu í gær. Tilvitnunin átti að vera í Sigrúnu Jóhannsdóttur, ekki Arnór Einarsson eins og stóð í fréttinni.

Á mynd með grein Steingríms J. Sigfússonar, efnahags- og viðskipta- og iðnaðarráðherra kom kvarðinn vitlaust út. Lóðrétti ásinn átti að byrja í 4% en ekki í 0% eins og hann birtist. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum. Rétt mynd er með greininni á Vísu.

Maður notaði vinnulyftu til að komast upp á svalir fyrrverandi sambýlismanns og ná í kött:

Sakar fyrrverandi um að hafa stolið jólakettinum

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur hafnað kröfu lögreglu um að fá að gera hútleit á heimili manns sem er grunaður um að hafa stolið ketti af fyrrverandi sambýlismanni sínum.

Mennirnir tveir slitu samvistir í nóvember síðastliðnum og síðan hafa þeir deilt um það hvor þeirra sé réttmætur eigandi kattarins sem þeir héldu saman.

Fyrir tæpum þremur vikum mætti annar þeirra á heimili hins og sótti köttinn. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að „kærði hafi viðurkennt að hafa fengið aðstoð iðnaðarmanna sem hafi verið að vinna við húsið til þess að láta lyfta sér upp með vinnulyftu að svölum kæranda, þar sem kærði hafi staðið og kallað á kött-

inn og þannig fjarlæggt hann af heimili kæranda“.

Sá sem kærði heldur því fram að hann eigi köttinn, enda hafi hann fengið hann í jólagjöf frá sambýlismanninum fyrrverandi árið 2010. Sá kannast hins vegar ekki við að hafa gefið köttinn, enda hafi hann fengið hann sem kettling og þá lofað að láta hann aldrei frá sér.

Lögreglan er sammála því að rökstuddur grunur sé uppi um að kettinum hafi verið stolið og fór því fram á hútleitarheimildina, en bæði héraðsdómur og Hæstiréttur eru þeirrar skoðunar að í málinu sé einfaldlega deilt um hver sé eigandi kattarins og úr þeirri deilu þurfti að leysa fyrir dómstólum.

- sh



UMDEILDUR Maðurinn segist hafa fengið köttinn í jólagjöf árið 2010. Myndin er úr safni og tengist ekki efni fréttarinnar beint.

NORDICPHOTOS/GETTY

Samningar við Huang Nubo langt komnir

Samningaviðræður félags Huangs Nubo við sex sveitarfélög á Norðausturlandi um kaup og leigu á Grímsstöðum á Fjöllum eru langt komnar. Huang segir að heildarfjárfesting hans hér á landi muni nema ríflega 25 milljörðum króna.

VIÐSKIPTI Samningaviðræðum Zhongkun-fjárfestingafélagsins, í eigu kínverska fjárfestisins Huangs Nubo, við sveitarfélög á Norðausturlandi um langtímaleigu á Grímsstöðum á Fjöllum eru langt komnar. Vonast er eftir því að skrifað verði undir leigusamning á næstu vikum.

„Þetta mál er komið mjög langt og er í fínunum farvegum. Við vonumst eftir því að geta látið á þetta reyna innan tiltölulega skamms tíma,“ segir Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurbings og stjórnarformaður GÁF sem er einkahlutafélag í eigu sex sveitarfélaga á Norðausturlandi. Var félagið stofnað til að undirbúa kaup og leigu á Grímsstöðum.

Bergur segir að þegar sé fengin niðurstaða í flest þau atriði sem semja hafi þurft um. Nú sé í gangi lögfræðivinnan sem snúi að því að fínþússa samninginn. Bergur segist ekki geta tjáð sig efnislega um samkomulagið fyrir en skrifað hafi verið undir samning. Niðurstaðan sé þó í takti við það sem sveitarfélögin hafi lagt upp með í upphafi.

Loks segir Bergur að gangi allt að óskum fari hönnunarvinna brátt af stað. Að henni lokinni geti framkvæmdir hafist, sem gæti orðið árið 2014.

Huang sagði sjálfur í viðtali við bandarísku viðskiptafréttaveituna Bloomberg í gær að samningaviðræðunum væri lokið þótt enn hefði ekki verið skrifað undir formlegan leigusamning. Skrifað yrði undir samninginn í síðasta lagi í október. Samkvæmt frétt Bloomberg er leiguverðið tæplega 7,8 milljónir



HUANG NUBO Huang sagðist, í viðtali við Bloomberg í gær, ráðgera að reisa hótél, um 100 einbýlishús og golfvöll á hinu byggilega svæði Grímsstaða. Þá verði boðið upp á ýmiss konar afþreyingu á svæðinu.

NORDICPHOTOS/AFP

Meirihluti landeigenda hyggst selja

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurbings, segir flesta landeigendur á svæðinu reiðubúna til þess að selja GÁF, félagi sex sveitarfélaga á Norðausturlandi, eignir sínar en þó ekki alla. „Það er þó í sjálfu sér auðveldara. Ef einhver vill ekki selja er það út af fyrir sig hið besta mál og við berum fulla virðingu fyrir því. Stór hluti af landinu er hins vegar til sölu og það að sumir landeigendur vilji ekki selja kemur ekki í veg fyrir að þetta mál klárast, viðkomandi landeigendur fara einfaldlega fram á landskipti,“ segir Bergur Elías.

Bandaríkjadala, jafngildi um 990 milljóna íslenskra króna. Þá kemur fram í fréttinni að leiguverðið sé um einni milljón dala lægra en það kaupverð löðarinnar sem rætt hafði verið um.

Þá er haft eftir Huang að heildarfjárfesting hans vegna leigu á landinu og uppbyggingar á svæðinu verði tæplega 200 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi ríflega 25 milljarða króna.

Huang ráðgerir að reisa hótél, um 100 einbýlishús og golfvöll á

hinu byggilega svæði Grímsstaða en landið verður að hans sögn leigt til fjörutíu ára með möguleika á framlengingu til annarra fjörutíu ára. Þá verður hinn hluti löðarinnar notaður sem útivistarsvæði þar sem boðið verður upp á afþreyingu á borð við hestaferðir, fjallgöngur og svifdrekaflug.

Huang kveðst vonast til þess að sala á einbýlishúsum, að mestu til ríkra Kínverja, muni nægja til að greiða upp verkefnið.

magnusl@frettabladid.is

Metfjöldi tónlistarmanna:

Pegar uppselt á Bræðsluna

MENNING Uppselt er á tónlistarháttíðina Bræðsluna sem haldin er á Borgarfirði eystri dagana 26. til 29. júlí næstkomandi. Aðal-

tónleikar hátíðarinnar fara fram laugardaginn 28. júlí.

Í frétt Austurgluggans um málið er haft eftir tónleikahöldurum að salan hafi aldrei gengið betur en hátíðin er haldin í áttunda sinn í sumar.

Metfjöldi kemur fram á hátíðinni í ár. Meðal þeirra sem spila eru Mugison, Valgeir Guðjónsson og Fjallabræður.



MUGISON

Frelsisviping í Breiðholti:

Brot sem getur varðað ævilöngu fangelsi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um framlengda gæsluvarðhaldsvist tveggja manna sem taldir eru hafa ruðst inn til manns í Breiðholti fyrir hálfri annarri viku, haldið honum þar nauðugum í sex klukkustundir og rænt hann.

Í gæsluvarðhaldsúrskurðinum segir að rökstuddur grunur sé um að mennirnir hafi framið andstyggilegt brot sem geti varðað ævilöngu fangelsi og sé „í eðli sínu svo svirðilegt að almannahegningarmunir krefjist þess að þeir sæti áfram gæsluvarðhaldi“. Að frátöldum landráðs- og stjórnskipunarbrotum séu frelssviping og manndráp einu hegningarlagaákvæðin sem bjóði upp á ævilöngu fangelsisrefsingu.

- sh

Travel John ferðaklósett leysa málið

Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldr pokar með efni sem gerir vökvu að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir nokkun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrifa þau.



TravelJohn

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960.- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990.- Travel John pokarnir fást í flestum Lyfju og Lyf og heilsu apótekum.

Klósetstóll kr. 4.900.- Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500.- fæst hjá Donnu, Móhelli 2, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími 555 3100 donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

VEÐURSPÁ



MILT OG BLAUTT Loksins fáum við smá vætu eftir langan og þurrkan kafla, við getum varla annað en fagnað því! Veður verður áfram gott enda vindur mjög hægur og áfram verður milt í veðri. Ekki fyrir en á laugardag sem við getur farið eitthvað að kvarta.

Á MORGUN OG FÖSTUDAG 3-8 m/s. Hægast austan til.

LAUGARDAGUR Vaxandi SA-átt.

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	26°
Berlín	20°
Billund	16°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	26°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	28°
London	20°
Mallorca	29°
New York	34°
Orlando	32°
Ósló	20°
París	26°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	20°

Vindhraði er í m/s. Hítastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Tómatsósa fer yfirleitt undir, en sumir vilja setja hana báðum megin.

Sinnepið skal ávallt vera ofan á pylsunni, það er óskrifuð regla.



Brauðið þarf að vera volgt og mjúkt.

Sumum finnst hrár laukur of bragðmikill á pylsu, en sitt sýnist hverjum.

Lína af remúlaði gleður alla sanna sælkera.

Steiktur laukur er ómissandi á pylsunna.

Þetta kallast þjóðlegir siðir

Hafðu fjölbreytni í fyrirrúmi í sumar. Grillaðu pylsur frá öllum heimsins hornum og upplifðu þig sem sannan heimsborgara í garðinum heima.



Amerískar pylsur. Með eplum og kanil.



Ítalskar pylsur. Grillpylsur með ítölskum kryddkeim.



Pólskar pylsur. Bragðgóðar og kjötmiklar.



Ostapylsur. Ómóttstæðilegar á grillið, af frönskum ættum.



Sumarpylsur. Færa þér sumarið frá Rínarlöndum.



Bratwurst. Frábærar á grillið.



Léttar vinarpylsur. Á léttum nótum.



SS vinarpylsur. Þessar ómissandi.



Danskar pylsur. Vi er røde.

KJÖRKASSINN



Pekkir þú einstakling sem þjáist af netfíkn?

JÁ 49,9%
NEI 50,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að fylgjast með Ólympíuleikunum í London í næsta mánuði?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



6

Stærsti banki Evrópu, HSBC, biðst afsökunar á afdrifaríkum mistökum:

Peningaþvætti látið viðgangast

BANDARÍKIN, AP Stærsti banki Evrópu, HSBC, hefur árum saman haft svo slakt eftirlitskerfi að fíkniefnahringar í Mexíkó gátu notað sér það til peningaþvættis í stórum stíl.

Þetta er niðurstaða rannsóknarnefndar á vegum öldunga-deildar bandaríska þingsins, sem hefur sent frá sér ítarlega skýrslu um málið.

Nefndin segir enn fremur að bandaríska fjármálaeftirlitið hafi haft fulla vitneskju um það hve eftirlitskerfi bankans var slakt, en engu að síður látið það ótalið.

Stjórn bankans, sem er með höfuðstöðvar í Bretlandi, hefur beðist afsökunar á þessum mistökum og lofar að lagfæra það sem úrskeldis fór.

Yfirmenn bankans voru kallaðir fyrir þingnefndina til yfirheyrslna í gær. Þá hefur dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna hafið sakarannsókn á starfsemi bankans.

HSBC starfar í áttatíu löndum víðs vegar um heiminn. Auk þess að vera stærsti banki Evrópu er hann meðal tíu stærstu banka Bandaríkjanna.



STUART GULLIVER Aðalframkvæmdastjóri HSBC á blaðamannafundi í Hong Kong á síðasta ári.

Verður tilbúinn í lok ágúst:

Brettagarður rís í Laugardal

REYKJAVÍK Framkvæmdir eru hafnar við nýjan brettagarð í Laugardal, en garðurinn á að verða tilbúinn í lok ágúst.

Búið er að grafa fyrir vellinum og byggja hljóðmanir. Brettagarðurinn verður 500 fermetrar og manir. Fram kemur á vef Reykjavíkurborgar að völlum sjálfur verði aflöng steyppt plata á fyllingu, um 280 fermetrar. Upphækkaðir pallar verða til beggja enda. Öll tæki verða fest á þessa plötu svo hægt verði að breyta garðinum í takt við óskir brettafólks.

Vekja gömul torg til lífsins

Litlir vinnuhópar vinna nú út um alla borg við að vekja gleymd og gömul torg til lífsins. Ætlunin með verkefninu er að sýna fram á einfalda framtíðarmöguleika á þessum svæðum og glæða borgina meira lífi.

SKIPULAGSMÁL „Verkefnið felst í að taka svæði sem hafa á einhvern hátt gleymst og orðið útundan í skipulagi og fá hópa til að sýna einfalda framtíðarmöguleika þessara svæða,“ segir Hans Heiðar Tryggvason, sem ásamt Auði Hreiðarsdóttur er verkefnisstjóri Torgs í biðstöðu.

Verkefnið snýst um að nýta tíma-bundnar lausnir til þess að auka líf á svokölluðum biðsvæðum, en það eru opin svæði og torg þar sem óvissa ríkir um framtíðarnotkun og möguleikar svæðisins eru vannýttir.

„Þetta verður vonandi til þess að vekja fólk sem á beina hagsmunir af svæðunum til umhugsunar. Á þennan hátt getur það kannski séð hvað hægt er að gera fyrir umhverfið og vonandi fá einhverjir hugmyndir að nýju framtíðarskipulagi,“ segir Hans.

Þetta er annað árið sem verkefnið er starfrækt, en hingað til hefur starfsemin einkum farið fram á sumrin. Nokkur verkefni hafa þó haldist út veturinn.

„Verkefnið á Baldurstorgi í fyrra fékk að halda áfram. Það stendur enn yfir og torginu verður haldið við í sumar. Þar var búið til lítill garður sem fólk virðist hafa notað mjög mikið og hefur mælt vel fyrir.“

Hans bendir á að verkefnið sé ekki aðeins tengt miðbæ Reykjavíkur. „Þriggja manna hópur vinnur gagnert í hverfunum og tekur gamla hverfakjarna í gegn. Dæmi um þetta er Arnarbakki í Breiðholtinu. Þar er svæði sem hefur alltaf verið til vandræða. Þar hafa nú verið sett upp hengirúm og litlir bólstraðir sveppakollar fyrir börnin. Þetta hefur algjörlega slegið í gegn,“ segir Hans.

Frekari upplýsingar um verkefnið má nálgast á facebook.com/bidsvaedi.

katrin@frettabladid.is

Nokkur torg sem búið er að hressa upp á

Markúsartorg

Á Markúsartorgi við Gerðuberg munu lögberg og Gylfaflöt halda sýningu og markað í lok júlí.

Sýningaraðstaðan á torginu verður geymd og líklega má vænta þess að fleiri sýningar verði haldnar á svæðinu með haustinu. (ekki merkt á korti)




Árbæjartorg

Stallalandslag hefur nú risið á torginu þar sem áður var illa farin grasflöt. Búið er að gróðursetja kryddjurtir, salat og berjatré á stöllum og þannig búið til matjurtagarður á mörgum hæðum.

Stallarnir eru einnig hugsaðir þannig að gott sé að setjast á þá og njóta staðarins. (ekki merkt á korti)

Óðinstorg

Á Óðinstorgi er búið að útbúa svæði fyrir fólk til að setjast niður og leiksvæði fyrir börnin. Búast má við einhverjum uppákomum á torginu í sumar, því sviði hefur verið komið þar fyrir. Í húsasundi við torgið má svo finna vegglista- verk eftir Rán Flygenring.



Káratorg

Á torginu er búið að koma fyrir kaffipokum fullum af sandi. Pokana má nota sem stóla, borð og leiktæki og unnið er að því að gróðursetja blóm í nokkrum pokanna. Heimilisleg stemning og frjálstlegt viðmót er einkennandi fyrir staðinn sem er vel sóttur af íbúum hverfisins og öðrum.

- 1 Austurbakki
- 2 Káratorg
- 3 Óðinstorg
- 4 Bæjarins bezta torg
- 5 Hlemmur
- 6 Laugavegur og Skólavörðustígur
- 7 Fógetagarður



KJÖRGARÐUR Konan fannst í vörumóttökuporti Kjörgarðs á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Lögregla rannsakar áfram:

Kærir ekki kynferðisafbrot

LÖGREGLUMÁL Kona sem talið er að fjórir menn hafi brotið gegn í vörumóttökuporti Kjörgarðs í miðborg Reykjavíkur ætlar ekki að kæra þá fyrir kynferðisafbrot. Björgvin Björgvínsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir lögreglu hafa tekið skýrslu af konunni í gær.

Lögregla mun halda áfram að rannsaka málið og taka ákvörðun um hvort það verði sent áfram til ákærusviðs sem ákveður hvort það fari áfram til ríkissaksóknara.

Konan fannst á sunnudagsmorgun í portinu við Kjörgarð, Hverfisgötumegin. Fjórir menn sáu hlaupa burt og voru þeir yfirheyrðir á sunnudag en látnir lausir að því loknu.

- bþh

STJÓRNSÝSLA

Fleiri kvartanir en í fyrra

Í lok júní höfðu umboðsmanni Alþingis borist alls 289 kvartanir frá áramótum og hann á sama tíma tekið tvö mál til athugunar að eigin frumkvæði, að því er fram kemur á vef embættisins. Á sama tíma í fyrra höfðu umboðsmanni borist 245 kvartanir og hann hafði tekið upp fimm mál sjálfur. Málum hefur því fjölgað um átján prósent milli ára.

Aðgengi fyrir alla

Allt frá léttum færanlegum römpum til kerfislusna

Þú færð öryggis- og velferðarvörurnar á oryggi.is

ÖRYGGI  VELFERÐ



PIPAR/TBWA • SIA

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

 ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

SAIJA

NÝTT
VISATÍMABIL

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ENN MEIRI AFSLÁTTUR

25%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR af öllum útsöluvörum!

UPPHAFLEGT
VERÐ

ÚTSÖLU
VERÐ

25% VIÐBÓTAR
AFSLÁTTUR

~~799-999~~ kr.
~~1299-1699~~ kr.
~~1999-2499~~ kr.
~~2999-3999~~ kr.
~~4499-6999~~ kr.
~~7999-8999~~ kr.

~~500~~ kr.
~~1000~~ kr.
~~1500~~ kr.
~~2000~~ kr.
~~3000~~ kr.
~~4000~~ kr.

375 kr.
750 kr.
1125 kr.
1500 kr.
2250 kr.
3000 kr.



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver fyllir skarð Kjartans Sveinsonar í Sigur Rós?
2. Hvar fóru heimsleikarnir í Crossfit fram?
3. Hvaða sjónvarpsmann hefur Vinnueftirlitið gagnrýnt harðlega.

SVÖR

1. Kjartan Dagur Holm. 2. Los Angeles. 3. Gunnlaug Helgason

ESB rannsakar Microsoft:

Á yfir höfði sér háar fjársektir

BELGÍA, AP Bandaríska hugbúnaðarfyrtækið Microsoft gæti þurft að greiða háar fjársektir fyrir að hafa ekki gefið tölvunotendum kost á að velja sér netvafra á nýjum tölvum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur hafið rannsókn á því hvort Microsoft hafi með þessu gerst brotlegt við samkeppnisskuldbindingar, sem fyrirtækið gekkst undir árið 2009.

Microsoft hefur viðurkennt að valmöguleikar fyrir netvafra hafi ekki fylgt nýjustu uppfærslu Windows-7 stýrikerfisins frá í febrúar 2011.

- gb



BILL GATES

Niðurstöður nýrra rannsókna:

Göngulag tengist elligliðum

VÍSINDI Samhengi er á milli göngulags og elligliða. Þetta sýna niðurstöður þriggja mismunandi rannsókna sem kynntar voru á alþjóðlegri ráðstefnu um Alzheimer í Kanada um liðna helgi.

Vísindamenn í Basel í Sviss hafa komist að því að einstaklingar með elliglið hafa tilhneigingu til að ganga hægar, einkum þegar þeir eru samtímis beðnir um að leysa einfaldar þrautir, eins og til dæmis að telja aftur á bak.

Vísindamenn við Mayo-stofnunina í Bandaríkjunum komust að því að beint samhengi var á milli elligliða annars vegar og skreflengdar og gönguhraða hins vegar, að því er segir á fréttavef Dagens Nyheter.

- ibs

Verðlaunaðu þig með

Weetos

O-VÍTAMÍN
LÍTIÐ SALT
ÁN LITAREFNA
HEILKORNA

inniheldur minni sykurlit en annað súkkulaðimorgunkorn

Tetra Pak-erfinginn Hans Kristian Rausing sagði eiginkonuna vera í meðferð í Kaliforníu:

Eva Rausing var hugsanlega löngu látin

ENGLAND Ekki er útilokað að Eva Rausing, sem gift var Tetra Pak-erfingjanum Hans Kristian Rausing, hafi verið látin í svefnherbergi sínu í um mánuð áður en hún fannst. Faðir Evu Rausing, Thomas Kemeny, sendi tengdasoni sínum fyrirspurn í tölvupósti þegar hann náði ekki tali af dóttur sinni. Svárið sem Kemeny fékk fyrir um tveimur vikum var að Eva væri í meðferð í Kaliforníu.

Eva Rausing fannst látin á heimili sínu í Belgravia-hverfinu í London 9. júlí síðastliðinn. Þann dag hafði lögreglan stöðvað eig-

innmann hennar þar sem hann var ölvæður á ferð í bíl sínum. Lögreglan fann fíkniefni í bílnum og gerði í kjölfarið húsleit á heimili hjónanna. Þar sem lögreglan fann grunsamlega lykt frá svefnherberginu braut hún upp dyrnar að því og fann þá Evu látna. Bæði Eva og Hans Kristian Rausing hafa glímt við fíkniefnavanda í mörg ár.

Á fréttavef sænska blaðsins Expressen segir að móðir Evu, Nancy Kemeny, hafi greint frá því að faðir Evu hafi sent Hans Kristian Rausing fyrirspurn eftir

að yngri systir hennar hafi bankað árangurslaust á svefnherbergisdyr hennar í júníbyrjun. Í viðtali við Daily Mail segir systirin það skoðun sína að Eva hafi þá þegar verið látin.

Heimilishjálpin hafi neitað að opna dyrnar en það gerði hún einnig þegar lögreglan kom á staðinn mánuði seinna. Þótt rúm vika sé síðan Hans Kristian Rausing var handtekinn hefur lögreglan enn ekki getað yfirheyrt hann, að því er Expressen greinir frá. Hann er nú á meðferðarstofnun.

- ibs



Á VETTvangi Lögreglan í London við heimili Rausing-hjónanna.

NORDICPHOTOS/AFP

Harðir bardagar í höfuðborg Sýrlands

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna reynir að ná samkomulagi um framhald friðargæslustarfs í Sýrlandi, en umboð núverandi friðargæslu rennur út á föstudag. Friðargæslan má sín þó lítils og hafa átökin í Sýrlandi versnað dag frá degi.

SÝRLAND, AP Hörð átök hafa geislað í nokkrum hverfum Damaskus, höfuðborgar Sýrlands, síðustu daga. Þetta eru hörðustu átökin í borginni frá því uppreisnin gegn Bashar al Assad forseta hófst snemma á síðasta ári.

Það eru uppreisnarmenn sem berjast við stjórnarherinn, og hafa þyrlur verið notaðar til stuðnings hernum. Í gær breiddust átökin út til fleiri hverfa.

Umboð 300 manna friðargæsluliðs Sameinuðu þjóðanna rennur út í lok vikunnar, en ekki hefur tekist samkomulag í Öryggisráði SP um framhald aðgerða.

Kofi Annan, erindreki Sameinuðu þjóðanna, hélt til Rússlands í gær á fund þeirra Vladímírs Pútín forseta og Sergeis Lavrov utanríkisráðherra, til að reyna að fá þá til að styðja refsiaðgerðir gegn Sýrlandi, en Rússar hafa eins og Kínverjar staðið á móti slíku í Öryggisráðinu.

Íbúar í borginni eru margir búnir að pakka niður helstu nauðsynjum og reiðubúnir til að flýja borgina með skömnum fyrirvara. Sumir eru þegar farnir.

„Í töskunni minni eru vegabréf fjölskyldunnar, háskólagráður okkar, eitthvað af peningum og lyf,“ sagði 57 ára tveggja barna faðir í viðtali við fréttastofuna AP. Hann þorði ekki að gefa upp nafn sitt af ótta við hefndaraðgerðir.

„Það er mjög erfitt að ímynda sér að fara burt frá heimili sínu og öllu sem þú hefur unnið að, en þetta snýst um líf og dauða,“ sagði hann.

Skotbardagar voru í miðborginni í gær, skammt frá þinghús-



FLÓTTAFÓLK FRÁ SÝRLANDI í flóttamannabúðum í Jórdaníu er fjöldi flóttamanna frá Sýrlandi.

NORDICPHOTOS/AFP

112 þúsund flóttamenn

Fjöldi flóttamanna frá Sýrlandi, sem óskað hafa eftir aðstoð frá Sameinuðu þjóðunum, hefur nærri þrefaldast frá því í apríl og eru þeir nú um 112 þúsund talsins.

Að öllum líkindum eru flóttamennirnir þó mun fleiri, því þarna eru aðeins þeir taldir með sem skráðir hafa verið hjá Sameinuðu þjóðunum. Þetta er um hálf prósent allra Sýrlendinga, en alls búa um 22 milljónir manna í Sýrlandi.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna segir að þrjár af hverjum fjórum þeirra flóttamanna, sem flúið hafa til Íraks, Jórdaníu, Líbanons og Tyrklands, séu konur og börn.

inu. Þeir bardagar stóðu reyndar stutt yfir og uppreisnarmenn flúðu skjótt af vettvangi.

„Götur eru algerlega auðar, búðir eru lokaðar. Fólkíð óttast það sem í vændum er,“ segir Omar

Qabbouni, einn uppreisnarmanna í Damaskus.

Hann sagði átta manns hafa fallið í borginni í gær þegar stjórnarherinn beitti þungavopnum og sprengjum. gudsteinn@frettabladid.is

Vindmylluskipulag auglýst: Áttatíu metra mylla í Hafinu

ORKUMÁL „Að fengnum tilskildum leyfum er fyrirhugað að reisa vindmyllurnar í nóvember á þessu ári en umsóknin um virkjunarleyfi er hluti af því leyfisferli sem verkefnið þarf að fara í gegnum,“ segir Ásdís Ólafsdóttir hjá Landsvirkjun.

Um er að ræða tvær 0,9 megavatta vindmyllur sem á að reisa á svokölluðu Haf í athafnasvæði Landsvirkjunar nálægt Búrfellsvirkjun. Fram kemur í auglýsingum um breytt skipulag á svæðinu að spaðar annarrar myllunnar geti náð upp í allt að 80 metra hæð. Það er fimm metrum hærra en Hallgrímskirkjuturn. Ásdís segir vindmyllurnar settar upp í tilraunaskyni.

- gar



VINDMYLLA Spaðarnir geta náð upp í 80 metra hæð.

Aflinn var meiri í júní í fyrra: Verðmæti það sem af er ári er 18,5% meira

SJÁVARÚTVEGUR Heildaraflí íslenskra skipa í nýliðnum júnímánuði, metinn á föstu verði, var 25,7 prósentum minni en í júní 2011. „Það sem af er árinu hefur aflinn aukist um 18,5 prósent miðað við sama tímabil 2011, sé hann metinn á föstu verði,“ segir á vef Hagstofu Íslands.

Í tonnum talið veiddist minna í júní í ár, en í fyrra, eða 52.220 tonn samanborið við 80.959 tonn í júní 2011.

- óká

Elti 12 ára dreng á bíl og bað hann um að ræða við sig á mánudagskvöld:

Karlmaður elti dreng í Vesturbæ

SAMFÉLAGSMÁL Ungur drengur sem hjólaði eftir Hjarðarhaga í Vesturbæ Reykjavíkur um níuleytið á mánudagskvöld varð nokkuð skelkaður þegar karlmaður á þrítugs- eða fertugsaldri kallaði á eftir honum úr bíl sínum og bað hann um að ræða aðeins við sig. Maðurinn ók gráum sportbíl með vindskeið og elti drenginn þegar hann neitaði og hjólaði sína leið.

Maðurinn á sportbílnum gaf í og elti drenginn þar til hann kastaði frá sér hjólinu og hljóp heim til sín. Maðurinn steig þá út úr bílnum og gekk á eftir drengnum, hrópaði á hann og bað hann enn um að ræða við sig.

Þegar drengurinn komst heim til sín hringdu foreldrar hans á lögreglu sem kom og tók skýrslu af drengnum. Málið er nú til rannsóknar hjá lögreglunni.

Drengurinn sem um ræðir er tólf ára gamall. Ekki er vitað hvað manninum gekk til.

- bph

VEISTU MEIRA?

Sendu okkur ábendingu á meira@frettabladid.is



VESTURBÆRINN Drengurinn var að hjóla heim til sín þegar maðurinn bað hann um að ræða við sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Tal

„Nilli, þegar maður fær 10 gígabæt fyrir 500 kall þá er tími það eina sem mann vantar.“




10 GB Stærsta 3G net landsins 500 kr.

Tal kynnir til sögunnar niðurhal á stærsta **3G** neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel horft á heilu maraþonin í útilegunni.

Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á **www.tal.is**.

Svona á samband að vera.



Tal er á 3G neti Símans



ÞÚ FÆRÐ MEIRA ÚT ÚR ELDSNEYTINU Á N1

BETRA ELDSNEYTI
SAMA VERÐ

N1 blandar sérstökum fjölvirkum bætiefnum í allt bensín og díselolíu án viðbótarkostnaðar fyrir viðskiptavini. Bætiefnin hreinsa vélina og draga úr mengun auk þess að auka afl bílsins og draga þannig úr eldsneytiskostnaði.

Bætiefnin eru í raun nauðsynleg til að standast ströngustu kröfur helstu bílaframleiðenda heims. Víða um heim er raunar bundið í lög að blanda skuli efnunum af þessu tagi í eldsneyti. Aðrar reglur gilda hér á landi og er blöndun bætiefnanna í birgðastöðvum N1 því að eigin frumkvæði með hagsmunum viðskiptavina að leiðarljósi.

„Bætiefnin í eldsneytinu á N1 skila sér í meira afli og lægri eldsneytiskostnaði.“
Herbert Herbertsson, eldsneytisráðgjafi N1.

Svona virka bætiefnin í eldsneytinu á N1

- Allt að 8% meira afl í vélum, m.v. eldsneyti án bætiefna*
- A.m.k. 3% minni eldsneytiseyðsla, miðað við eldsneyti án bætiefna*
- Minni útblástursmengun
- Vörn gegn tæringu og sliti í eldsneytiskerfi
- Hreinni vél og hreinni smurólía
- Minna kaldræsiglamur og reykur í díselvélum
- Freyðivörn í díselolíu (áfylling fljótlegri og hreinlegri)

*Skv. prófunum þýsku rannsóknarstofunnar APL á 2.0L Daimler-Chrysler bensinvél



HERINN TIL BJARGAR Breski herinn kallaði til 3.500 manns til að sinna gæslu á Ólympíuleikunum í London. Öryggisfyrirtækið G4S átti að útvega 10.000 manns til gæslu en náði því ekki og láðist að nefna það fyrr en tvær vikur voru í setningu leikanna. NORDICPHOTOS/AFP

Gera lítið úr vanda í undirbúningi ÓL

Þrátt fyrir vandræðalegar upptökur í aðdraganda Ólympíuleikanna í London segja skipuleggjendur að allt muni ganga upp. Öryggisfyrirtæki sveikst um að útvega fjölda gæslumanna. Leikarnir hefjast 27. júlí.

LONDON, AP Skipuleggjendur Ólympíuleikanna í London, sem hefjast eftir rúma viku, gera lítið úr fréttum af fjölpættum vandræðum í kringum leikana.

Á mánudag fóru keppendur að hópast til borgarinnar og þrátt fyrir að starfsfólk og stjórnendur á Heathrow-flugvelli hafi staðið sína vakt með þrýði komu upp kvartanir vegna samgönguferðleika frá flugvelli að Ólympíuþorpinu. Tvær rútur, önnur með bandaríska íþróttamenn og hin með Ástralía villtust á leið sinni, sem varð til þess að mikið var skeggrað um meint klúður á félagsmiðlum.

Sebastian Coe, formaður undirbúningsnefndarinnar, sagði í samtali við fjölmiðla í gær að rétt væri að setja upptökur um í samhengi við umfang verkefnisins.

„Fyrir utan nokkrar rangar beygjur og nokkur Twitter-innlegg erum við í góðum málum. Meirihlutinn af íþróttafólkinu komst á áfangastað í heilu lagi og á réttum tíma. Þar tóku yfirmaður Ólympíuþorpsins og framkvæmdastjórnin á móti þeim og þau lýstu yfir ánægju sinni á Twitter. Níutíu og átta prósent ferðanna gengu algerlega áfallalaust fyrir sig.“

Veðrið hefur ekki beinlínis leikið við borgarbúa og miklar rigning-

ar hafa enn aukið á flækjustigið. Meðal annars er keppnisaðstaðan fyrir róðrarkeppni og reiðmennsku gegnsósa, en Coe segist bjartsýnn.

„Þetta veldur okkur vandræðum, en allt verður til reiðu á réttum tíma. Það er enn margt ógert en við verðum tilbúin.“

Veðurspá gerir þó ráð fyrir þurrki fram að setningu leikanna.

Að síðustu má nefna afar þínlega upptöku þar sem öryggisfyrirtækið G4S brást algerlega. Því láðist að fá til sín nógu mikinn mannskap til gæslu og tilkynnti yfirvöldum ekki um vandræðin fyrr en nýlega, þegar einungis tvær vikur voru þar til leikarnir yrðu settir. Yfirvöld kölluðu til 3.500 manna varaherlið með skömmum fyrirvara til að fylla í skörðin.

Coe sagði að þetta myndi ekki skaða öryggisviðbúnað vegna leikanna.

Nick Buckles, forstjóri G4S, var kallaður til vitnisburðar fyrir þingmönnum í gær þar sem hann var aðmýktin uppmáluð.

„Þetta er afar niðurlægjandi upptöku fyrir landið, ekki satt?“ spurði þingmaðurinn David Winnick Buckles sem svaraði: „Ég get ekki verið þér ósammála um það.“

Leikarnir verða settir hinn 27. þessa mánaðar. thorgils@frettabladid.is

TOPPBÍLAR

390.000 kr.



VW Passat comfort line. Árg. 2001
Ekinn 184.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 590.000 kr. **TILBOÐ 390.000 kr.**
Rnr. 370229

950.000 kr.



VW Golf trendline. Árg. 2006
Ekinn 110.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 1.290.000 kr. **TILBOÐ 950.000 kr.**
Rnr. 370096

349.000 kr.



VW Golf comfortline. Árg. 1999
Ekinn 149.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 490.000 kr. **TILBOÐ 349.000 kr.**
Rnr. 334517

890.000 kr.



TOYOTA Rav4 4wd. Árg. 2003
Ekinn 87.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 1.190.000 kr. **TILBOÐ 890.000 kr.**
Rnr. 370031

1.590.000 kr.



TOYOTA Avensis wagon sol. Árg. 2008
Ekinn 180.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.990.000 kr. **TILBOÐ 1.590.000 kr.**
Rnr. 285461

890.000 kr.



TOYOTA Aygo h/b. Árg. 2006
Ekinn 73.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 1.190.000 kr. **TILBOÐ 890.000 kr.**
Rnr. 370158

1.190.000 kr.



TOYOTA Corolla h/b sol. Árg. 2005
Ekinn 127.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.490.000 kr. **TILBOÐ 1.190.000 kr.**
Rnr. 285227

2.990.000 kr.



TOYOTA Land Cruiser VX 33" Árg. 2004
Ekinn 150.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr. **TILBOÐ 2.990.000 kr.**
Rnr. 285389

1.090.000 kr.



TOYOTA Avensis s/d sol. Árg. 2004
Ekinn 149.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.490.000 kr. **TILBOÐ 1.090.000 kr.**
Rnr. 334585

1.490.000 kr.



SUBARU Impreza 2.0r. Árg. 2007
Ekinn 109.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.490.000 kr.**
Rnr. 370228

690.000 kr.



RENAULT Megane berline. Árg. 2006
Ekinn 98.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 990.000 kr. **TILBOÐ 690.000 kr.**
Rnr. 285377

2.690.000 kr.



MMC Outlander intense. Árg. 2008
Ekinn 76.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.150.000 kr. **TILBOÐ 2.690.000 kr.**
Rnr. 370365

1.290.000 kr.



MAZDA Tribute s 4wd. Árg. 2006
Ekinn 72.000 mílur, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.290.000 kr.**
Rnr. 370114

2.190.000 kr.



LEXUS Rx300. Árg. 2004
Ekinn 145.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.690.000 kr. **TILBOÐ 2.190.000 kr.**
Rnr. 334672

1.190.000 kr.



TOYOTA Rav4. Árg. 2005
Ekinn 147.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 1.490.000 kr. **TILBOÐ 1.190.000 kr.**
Rnr. 285580

2.890.000 kr.



INFINITI Qx56 4x4. Árg. 2005
Ekinn 85.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr. **TILBOÐ 2.890.000 kr.**
Rnr. 285184

1.190.000 kr.



HONDA Accord tourer sport. Árg. 2005
Ekinn 93.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.190.000 kr.**
Rnr. 285288

990.000 kr.



FORD Fusion trend. Árg. 2007
Ekinn 85.000 km. bensín, 5 gíra.
Verð 1.290.000 kr. **TILBOÐ 990.000 kr.**
Rnr. 370330

1.490.000 kr.



FORD F150. Árg. 2004
Ekinn 99.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.790.000 kr. **TILBOÐ 1.490.000 kr.**
Rnr. 370367

1.990.000 kr.



NISSAN Navara d/c MT XE. Árg. 2006
Ekinn 91.000 km. dísel, 5 gíra.
Verð 2.690.000 kr. **TILBOÐ 1.990.000 kr.**
Rnr. 370036



Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími: 587 2050



Agnar Þórisson
Beinn sími: 587 2054



Hafsteinn Vilbergsson
Beinn sími: 587 2051

ergo

Reiknaðu með okkur

Afgreiðslutími: Virka daga: 10.00 - 18.00

TOPPBÍLAR

Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is



ALLIR Í RÖÐ Ungir menn bíða útskriftar úr herskóla á Srí Lanka. NORDICPHOTOS/AFP

Hraðahindrunum komið upp til þess að draga úr umferðarhraða í Ánanaustum:

Spornað við spóli úti á Granda

UMFERÐ Settar hafa verið upp hraðahindranir í Ánanaustum, en íbúar í grenndinni hafa mikið kvartað undan hávaða frá öku-mönnum sem keyra þar um. „Það hefur svo sem aldrei verið neinn ofboðslegur hraði þarna, heldur aðallega hávaði vegna spóls,“ segir Kristófer Sæmundsson, varðstjóri Umferðardeildar lögreglunnar.

„Þeir geta ekki spólað með bíl-inn út á hlið þegar hraðahindranirnar eru. En þeir geta áfram spólað í hringtorginu,“ segir Kristófer.

Stefán Finnsson, yfirverkfræðingur hjá umhverfis- og sam-



HRADAHINDRANIR Ökumenn hafa keyrt eftir Ánanaustum og leikið sér að því að láta bíla sína spóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

göngusviði Reykjavíkur, segir borgaryfirvöld íhuga frekari aðgerðir á svæðinu. „Það voru uppi hugmyndir um að fræsa úr veginum svipað og er á Vesturlandsveg-inum, í köntum og á milli aksturs-stefna. Markmiðið er að draga úr viðnámi bíla sem aka ógætlega í hringtorginu,“ segir Kristófer.

Kristófer segir of snemmt að segja til um árangur hraðahindr-ananna. „Það er helst að maður merki það á að kvörtunum fólks fækkar og það hefur aðeins dregið úr þeim. Þannig að eitthvað virðist þetta nú virka.“

- ktg

Hættulegar kalkúnasamlokur:

Saumnálar í flugvélamat

BANDARÍKIN Bandaríska alríkis-lögreglan rannsakar nú fund saumnála í fjórum kalkúnasam-lokum sem framreiddar voru í flugferðum Delta-flugfélags-ins milli Amsterdam í Hollandi og Bandaríkjana. Einn farþegi skaðaðist lítillega af saumnál.

Flugfélagið er nú hætt að bjóða kalkúnasamlokur sem keyptar voru af fyrirtækinu Gate Gourm-et. Bandaríska alríkislögreglan lítur málið alvarlegum augum og hefur hafið rannsókn í samvinnu við hollensk yfirvöld.

- ibs

Nýr viðburður í Finnlandi:

Stjórnsmála-menn styðja prumpkeppni

FINNLAND Finnar keppa ekki bara í kerlingaburði og stígvélakasti. Nú ætla þeir að halda prump-keppni í Utajärvi. Fyrir keppni-na, sem Dagens Nyheter segir stjórnsmálamenn á svæðinu styðja, neyta keppendur bauna-súpu og súrmjólkur.

Þeir setja síðan á sig desíbel-mæli og leysa vind eins hátt og þeir geta í 30 sekúndur.

Keppni í mýrabolta mun fara fram samtímis og vonast aðstandur prumpkeppninnar til þess að mýraboltamenn taki jafnframt þátt í henni.

Sá sem sigrar í keppninni, það er prumpar hæst, fær 52 dósir af baunasúpu í verðlaun.

- ibs



TÆKNIUNDIR Curiosity mun geta stundað rannsóknir á Mars, en í jepp-anum er lítil rannsóknarstofa. MYND/NASA

Könnunarfar NASA á áætlun:

Curiosity lendir á Mars 5. ágúst

GEIMFERDIR Þróðasta rannsókn-artæki sem NASA hefur nokkru sinni sent út í geim, jeppinn Curio-sity, mun lenda á Mars eftir þrjár vikur.

Geimfarið sem flytur Curiosity hefur verið á ferðinni frá því í lok nóvember og lendir 5. ágúst. Þetta rúmlega 200 milljóna kílómetra ferðalag hefur gengið hnökralaust fyrir sig hingað til.

Jeppinn er um eitt tonn að þyngd og verður lent með nýstárlegri aðferð þar sem honum verður sleppt niður úr loftfari sem er inni í geimfarinu. Tilgangur verkefnis-ins er að skera úr um hvort líf hafi getað þrífist á rauðu plánetunni. - þj

Oftast bent á áhættuhegðun:

Fjórdungur tilkynnir ofbeldi

FÉLAGSMÁL Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 12,7 prósent fyrstu þrjá mánuði ársins 2012 samanborið við sama tímabil 2011. Fyrstu þrjá mánuði ársins bárust 1.879 tilkynningar, miðað við 2.153 í fyrra.

Fram kemur á vef Barnavernd-arstofu að fleiri tilkynningar hafi borist um drengi en stúlkur, en hlutur tilkynninga vegna drengja nam 54,2 prósentum af heildinni.

„Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 37,4 prósent,“ segir í umfjöllun Barnaverndarstofu. 36,6 prósent tilkynninga voru svo vegna van-rækslu og 25,5 prósent vegna ofbeldis.

- óká

Þurrkar gera bændum erfitt um vik

Snæfellsnes

Í Stykkishólmi hefur júnímánuður ekki verið þurrari síðan mælingar hófust árið 1857. Skammt þar frá býr Lárus Franz Hallfredsson, bóndi í Ögri, sem hefur eitt tún á melum. Þar stóð hann uppi með sjö rúllur en undanfarnin ár hefur hann haft fjórutíu rúllur af þessu túni.

En ekki eru allir ósáttir við þurrkatíðina. Þór Örn Jónsson bæjar-ritari segir að það sé unun að sjá til krakkanna á siglinganámskeiðinu sem sigla spegilsléttan sjó í sólskininu.



Reykjanes

Tún í þéttbýli Reykjanes eru mörg hver afar illa brunnin svo varla sést á þeim stingandi strá. Til dæmis er Skrudgarðurinn í Njarðvík, sem svo er nefndur, gulur og þurr. Þorvaldur Örn Árnason, íbúi í Vogum, segir að einnig sé svo ástatt með tún þar og þar að auki þurfi að vökva íþróttavöll bæjarins daglega svo hann verði ekki gulur.



Vestmannaeyjar

„Staðan í Vestmannaeyjum er merkileg því það hefur ekki gerst nema fjórum sinnum áður að fyrstu ellefu dagar júlímánaðar hafi verið jafnþurrir og nú, síðast var það sumarið 1957,“ segir Trausti Jónsson veður-fræðingur. „Við þurfum að vökva Dalinn nánast daglega svo hann verði nú grænn og fagur á Þjóðhátíð,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri. „Við þurfum að vökva knatt-spymuvöllinn daglega og allan gróður í bænum þurfum við einnig að vökva afar oft. Það er bara lífsblómið sem lætur sér nægja að vera vökvað einungis um helgar,“ segir hann og hlær við.



Hrútafjörður

Einn fjórði af tünnum Gunnars Þórarinssonar á Þóróddsstöðum er brunnin. Hann hafði fjárfest í vökvunarbúnaði en þegar til kom var ekki einu sinni til nægt vatn fyrir þann búnað. Ári Jón Eypórsson segir að ár séu vatnslitlar og laxinn tregur til. Flest túna hans eru á myrlandi en eitt sem er á melum og gaf af sér áttatíu rúllur í venjulegu árferði hafi nú gefið 33 rúllur.



Borgarfjörður

„Menn eru hættir að spyrja hvort það sé lax í ánni heldur er spurt hvort það sé yfirleitt vatn í ánni,“ segir Óðinn Sigþórsson, formaður Lands-sambands veiðifélaga um árnar í Borgarfirði og Dalasýslu. Þar eru margar ár hálfþurrar og laxinn liggur bak við stein og bíður eftir rigningu en tekur ekki, hverju sem fyrir hann er rennt.

Uppþornaðar ár við gul tún

Varla hefur væta komið úr lofti svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir á stórum hluta landsins. Fjölmargir bændur horfa á túnin brenna. Ástandið í laxveiðiám í Borgarfirði og Dalasýslu þykir vera grafalvarlegt.

VEÐURFAR „Ég sé að bændur eru farnir að horfa ofan í vatnsbólín sín, það hafði ég ekki séð áður,“ segir Árni Jón Eypórsson, bóndi á Bálkastöðum við Hrútafjörð. Þetta lýsir vel áhyggjum bænda af vatnsskortri en þurrkar hefur þegar haft gríðarleg áhrif á svæðinu. Reyndar sleppa þeir bændur vel sem eiga tún í myrlandi en eitt af tünnum Árna Jóns er á melum. „Þar fæ ég um áttatíu rúllur í venju-legu árferði, nú fékk ég þrjátíu og þrjár. Það er kannski ekki nema von að bændur séu farnir að stíga regndansinn.“

Í síðustu viku sagði Fréttablaðið frá Gunnari Þórarinssyni, bónda á Þóróddsstöðum, einnig við Hrútafjörð, en hann hafði ásamt öðrum bændum fjárfest í vökvunarbúnaði. En þegar til kom var ekki einu sinni til nægt vatn í þann búnað.

Júni var hinn þurrasti í Stykkishólmi frá upphafi mælinga og í

júlí hefur úrkoman aðeins mælst 5,5 millimetrar. Þar skammt frá býr Lárus Franz Hallfredsson í Ögri. Af einu túna sinna fékk hann sjö rúllur þar sem einar fjórutíu fást í venjulegu árferði.

Hann hefur ekki fyrir því að renna fyrir silung í Ögursvatni sem hann segir vera orðið hálfgerðan poll í þurrkunum.

Óðinn Sigþórsson, formaður Landssam-bands veiðifélaga, segir enda ástandið í flestum ám í Borgarfirði og Dalasýslu grafalvarlegt. „Nú spyrja menn ekki lengur hvort það sé lax í ánni heldur hvort það sé yfirleitt vatn í ánni,“ segir hann. „Hún er víða komin ofan í grjótt,“ bætir hann við.

Eins og laxveiðimenn vita eru sólskinsdagar óheppilegir til lax-veiða en þar á ofan tekur laxinn ekki í súrefnislitlu vatninu eins það verður eftir svona þurrkatíð.

je@frettabladid.is / kristjan@frettabladid.is



TÚNIN Á ÞÓRÓDDSTÖÐUM VIÐ HRÚTAFJÖRÐ Par sem tún eru á melum er vart stingandi strá að hafa og þeir sem höfðu undirbúið sig með vökvunarbúnaði höfðu ekki nægt vatn í þann búnað.

MYND/GUNNAR ÞÓRARINSSON

ÍSLAND ER MEÐ'ETTA

Ánægjuleg upplifun á islandermedetta.is

Ylstrandir, sögustaðir, ævintýraferðir, mjúkt gras, hátíðir, íshellar, matarmenning, heilsuþöð, selir, bláberjasulta. Ísland er með þetta og svo miklu, miklu meira!

Komdu á islandermedetta.is og sjáðu hvað landið þitt hefur upp á að bjóða. Hér heima er hægt að upplifa svo fjölmargt – ef þú bara vissir!



DJÚPSLÖKUN



SÍÐEGISTRAFFÍK



STRANLAUGAR



ÆTTARVIPUR



45 MÍN. Á BRETTI



GLUGGASÆTI



BJÖRGUNARHRINGIR



OPIN SÖFN



HJÓLAÐ Í FRÍÐ




FANGAÐU AUGNABLIKIÐ



ÚTIVERA



ILSTRANDIR



SÆLL!



REIÐVEGUR 1



4 AKREINAR



VEIÐI DAGSINS

Veruleikaflóttu verður seint útrýmt.

Ef ekki tölvan þá eitthvað annað

Netfíkn barna er sögð vaxandi vandamál. Þannig greindi Fréttablaðið frá því í byrjun vikunnar að stór hópur 14 til 18 ára drengja í meðferð á göngudeild barna- og unglingaæðdeildar Landspítalans (BUGL) glímdi við netfíkn. Í alvarlegustu tilvikum hefðu börn verið lögð inn á spítala vegna þess að þau væru beinlínis í lífshættu vegna þunglyndis og vanvirkni sem fylgdi því að geta ekki slitið sig frá tölvunni.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Ekki þýðir að stinga höfðinu í sandinn, þarna er einhver vandi til staðar. Raunar er þegar hafið starf til að bregðast við, svo sem hjá SAFT, sem undirbýr fræðslufni fyrir foreldra um hvernig bregðast má við og hvert skuli leita þegar í óefni er komið.

Full ástæða er hins vegar til að stíga varlega til jarðar í viðbrögðum þótt þeir séu til sem illa ráða við að samhæfa þann sýndarveruleika sem tölvan býður upp á og raunverulegt líf sitt. Velta má því fyrir sér hvort þessi hópur eigi ekki í grunninn við einhver önnur vandamál að stríða sem valdi veruleikaflóttu hans og einangrun. Og hvort sá vandi hefði ekki birst hvort eð er í annarri mynd, væri ekki til staðar aðgangur að tölvum og interneti. Í það minnsta ætti að varast að gera of mikið úr þessum vanda án frekari vísbandinga og rannsókna.

Ekki má heldur gleymast að tölvur færa börnum og ungmennum öflugt tól bæði til uppfræðslu og skemmtunar. Það hlýtur hins vegar að vera á ábyrgð foreldra barna að hjálpa þeim að stýra netnotkun sinni og forða þeim frá glapstígum upplýsingatækninnar, hvort heldur þeir eru í formi klámefnis, fjárhættuspila á netinu eða óhóflegar tölvuleikjanotkunar.

Vitanlega eru tölvur ekki undanskildar þegar horft er til hluta sem hægt er að misnota og kemur ekki á óvart að tölvufíkn megi telja upp með fíkn í áfengi, mat, kynlíf, eiturlyf og hvað eina annað þar sem fólk getur farið út af sporinu í lífi sínu. Spurningin er bara hvernig bregðast á við.

Sumum þykja boð og bönn rétta leiðin. Gjarnan þurfa þá þeir sem ekki eru fíknisjúkir að líða fyrir viðbrögðin. Eitt dæmi er áfengisstefnan, þar sem aðgengi að áfengi er torvelað með sölu á ákveðnum útsölustöðum ríkisins og opinber gjöld eru lögð á í óhöfi. Þó má færa fyrir því rök að með þessu sé komið í veg fyrir eðlilega umgengi við löglegan vímuegjafa, aukid á hörmungar fjölskyldna alkóhólista sem minna eiga eftir til kaupa á nauðsynjavöru og þeir sem sjúkir eru mögulega lengur að drekka sig niður á „botn“ (eða í hel eftir atvikum).

Auðvitað er það þannig að flestir haga sér á ábyrgan hátt og standa undir því að bera ábyrgð á eigin lífi. Síðan er samfélagsleg ábyrgð að hjálpa þeim til sjálfsstjórnar sem veikir eru fyrir og vilja þiggja hjálp. Enginn þarf að velkjast í vafa um hvar ábyrgðin liggur í grunninn. Hver og einn ber ábyrgð á eigin hegðan og foreldrar ábyrgð á börnum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

„Enn einn heitur dagur“
Fáðu gust úr vandaðri Honeywell viftu

Honeywell Donna

Móhelli 2, 221 Hafnarfjörður
Sími 555 3100 www.donna.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tilfinning en ekki víska

Hér í Fréttablaðinu birtist á mánu- dag grein eftir Ögmund Jónasson innanríkisráðherra þar sem hann svaraði pistli eftir Pawel Bartoszek um fjárhættuspil á Íslandi. Ekki er ástæða til að fara sérstaklega ofan í skrif þeirra en hins vegar vöktu viss orð Ögmundar nokkra athygli. Sagði í grein hans: „Með fullri virðingu fyrir öllum þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á fjárhættuspilum og spilahegðun þá er það mín sannfæring að jafnvel vönduðustu rannsakendum hætti til að vanreikna útbreiðslu spilafíknarinnar. Þetta er tilfinning en ekki víska.“



Vel menntaður makrill

Morgunblaðið greindi frá því í gær að Kristján Þór Júlíusson alþingismaður hefði ráðið sig sem háseta á Vilhelm Þorsteinsson EA sem er

nú við makrílveiðar austur af landinu. Í samtali Kristjáns við blaðið bar makríldeiluna svokölluðu á góma og sagði Kristján léttur í bragði: „Ég ætlaði að finna út úr því sjálfur hvort það væri rétt hjá Evrópusambandinu að það ætti þennan makrill – hvort hann talaði bara erlendar tungur? Þessi makrill sem við fáum talar fullkomna íslensku, meira að segja forníslensku! Við eigum þessi kvikindi.“ Nú er bara spurningin hvort íslenska samninganeftir viti af þessu



magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



Forsetaræði

Forseta-embættið



Róbert Trausti Árnason
útværmaður

Á Kópavogsfundi árið 1662 eða fyrir réttum og sléttum þrjú hundruð og fimmtíu árum fengu Íslendingar svoltið að kynna kenningum um vald eins manns sem þægi vald sitt beint frá Drottni allsherjar og væri því ekki ábyrgur gagnvart neinum öðrum. Ég rifja upp Kópavogsfundinn vegna þess að ég dreg stórlega í efa réttmæti staðhæfinga merkisbera nýrra sjónarmíða í íslenskum stjórnmálum um að forseti Íslands þiggi milliliðalaust forsetaræði frá þeim minnihluta atkvæðisbærra manna á kjörskrá sem kusu hann þann 30. júní sl.

Ég tel að erfitt verði að afla fylgis gegn þessu því hugmyndin um forsetaræði á orðið býsna mikið fylgi. Ég er þeirrar skoðunar að forsetaræði sé aðeins afsprengi aflsmunar og ofbeldis. Hugmyndir um forsetaræði birtast mér í misöfgafullum myndum. Gera þarf uppsteyt gegn þessum hugmyndum. Harmagrátur forseta Íslands á mannamótum og lýsingarnar hans í fjölmöldum á meintri hnignun Íslands og á eðli þeirra sem eru honum ósammála finnst mér gefa

það í skyn að forseti Íslands telji íslenskar mannskepnur svo sneisafullar af brestum að ekki verði hægt að byggja með þeim betra og réttlátara samfélag.

Með nýendurkjörnum forseta Íslands eru allar líkur á að þróun í átt til forsetaræðis nái sér á strik. Ég tel að það muni einkennast af því að forseti Íslands hefur stór orð um dýrd íslenska ríkisins og hefur fósturjarðarinnar og leggur mikið upp úr glæsilegum ytri búningi alls þess sem tilheyrir embætti forsetans. Forseti Íslands mun án efa með ýmsum ráðum drepa á dreif allri gagnrýni og því ráðlegast að bera skoðanir sínar á athöfnum og orðum forsetans ekki á torg nema að vel íhuguðu máli. Forseti Íslands mun síðast en ekki síst lifa á því næstu fjögur ár að eiga óvini sem hann notar sem blóramenn þegar hlut-

irnir fara úrskæiðis hjá honum svo ekki falli blettur á forseta Íslands. Staða kjörinna fulltrúa fólksins á Alþingi gagnvart forseta Íslands er eins og staða húsdýra gagnvart bónda. Staða sem er engan veginn Alþingi sæmandi.

Ósnortin landsvæði ein mestu verðmæti sem við eigum

Náttúruvernd

Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri
Umhverfisstofnunar



Íkönnun sem gerð var fyrir Ferðamálastofu sögðu um 62% svarenda að náttúran og landið hefði verið kveikjan að þeirri hugmynd að heimsækja Ísland. Um 80% sögðu að náttúran hefði haft áhrif á þá ákvörðun að heimsækja landið.

Á Íslandi eru 108 friðlýst svæði og hefur Umhverfisstofnun umsjón með langflestum þeirra. Sum eru friðlýst til að vernda dýralíf eða plöntur, frá fuglum til skordýra, frá blómum til skóga. Önnur eru friðlýst til að tryggja aðgang almennings að ósnortinni náttúru. Sum eru svo viðkvæm, eins og til dæmis Surtsey, að þangað fá aðeins örfáir að fara og sum eru jafnvel alfarið lokað, þar á meðal viðkvæmir hellar.

Í ofangreindri könnun var spurt um vinsælustu svæðin á Íslandi. Af tólf vinsælustu svæðunum eru sjö friðlýst svæði. Það er alveg ljóst að aukinn fjöldi ferðamanna til landsins eykur mjög á álag á þessum sem og öðrum friðlýstum svæðum á Íslandi. Haustið 2010 greindi Umhverfisstofnun álag á friðlýstum svæðum og lentu tíu svæði á rauðum lista. Þau voru í verulegri hættu á því að verða fyrir skemmdum sem gætu haft áhrif á verndargildi þeirra. Þá voru önnur tíu svæði á mörkum þess að lenda á rauða listanum. Við þessu var brugðist með auknum fjárveitingum og var 2011 stærsta framkvæmdaár á friðlýstum svæðum í manna minnum.

Á þessu ári verða einnig miklar framkvæmdir til að tryggja að svæðin ráði við álag vegna aukins ferðamannastraums. Við vinnum nú að því að endurmeta stöðuna á svæðunum. Mörg friðlýst svæði þola illa ágang. Sum

þeirra eru afar viðkvæm og má lítið út af bregða til þess að þar verði óbætanlegt tjón.

Í dag eru sex heilsársstarfsmenn hjá Umhverfisstofnun sem sinna öllum þessum friðlýstum svæðum víðs vegar um landið en við erum með átta starfsstöðvar. Þess má geta í framhjálaupi að við auglýsum nær öll störf hjá okkur án staðsetningar, nema þau sem fylgja tilteknum friðlýstum svæðum. Yfir sumartímann bætast við landverðir sem vinna í um 190 starfsvikur.

Undanfarin ár höfum við unnið með nýja nálgun svæðalandvörslu þar sem landverðir hafa umsjón

tækifæri í sjálfbærri ferðabjónustu, útivist og heilsueflingu. Mörg stór verkefni eru þó enn ókláruð í þessum efnunum og eins og í öðru er fjármagn mikilvægur þáttur í því hvernig málum miðar. Mest umræða er oft um þau svæði þar sem deilt er um hvort nýta eigi með öðrum hætti eða vernda og þá gleymast önnur svæði sem meiri sátt er um, en skipta ekki síður máli. Þar fyrir utan þurfum við í auknum mæli að horfa til vistkerfa og hver staða þeirra er, sem og líffræðilegrar fjölbreytni.

Ein mestu verðmæti sem við eigum eru ósnortin landsvæði en þeim hefur fækkað gríðarlega á

„Mörg friðlýst svæði þola illa ágang. Sum þeirra eru afar viðkvæm og má lítið út af bregða til þess að þar verði óbætanlegt tjón.“

með nokkrum friðlýstum svæðum á tilteknum landsvæði. Við teljum að það þurfi að fjölga heilsárslandvörðum til þess að uppfylla lágmarksumsjón með öllum friðlýstum svæðum á landinu. Brýnast er að tryggja aukna landvörslu á Friðlandi að Fjallabaki og á Gullfoss svæðinu.

Vel hefur gengið undanfarið að friðlýsa ný svæði og voru t.d. sjö ný svæði friðlýst í fyrra og tvö nú þegar á þessu ári og stefnir í að fimm til viðbótar bætist við fyrir áramót. Fjölmörg svæði á þó enn eftir að friðlýsa og ber þar helst að nefna þau sem er að finna á náttúruverndaráætlunum. Friðlýsingar eru samstarfsverkefni og kalla á samvinnu margra aðila, s.s. landeigenda, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka sem og ríkisins.

Á undanförunum árum hefur aukist mjög skilningur og áhugi á því að nýta friðlýsingar sem tækifæri til uppbyggingar og styrkingar sveitarfélaga og landsvæða. Friðlýsing er mikil viðurkenning og yfirleitt fylgir henni

jörðinni síðastliðin eitt hundrað ár og fækkar enn. Í því ljósi er mikilvægt að við reynum eftir fremsta megni að skipuleggja nýjar framkvæmdir á þeim svæðum sem þegar hefur verið raskað og forðast í lengstu lög að hrófla við þeim sem eru ósnortin.

Athygli vekur að yfir 75% ferðamanna sem spurðir voru í könnun Ferðamálastofu gáfu aðstöðu á friðlýstum svæðum einkunn á bilinu 8-10. Einnig var spurt um almennt ástand á ferðamannastöðum og gáfu tæplega 85% ferðamanna einkunnina á bilinu 8-10. Í ferðabjónustureikningum 2009-2011 frá Hagstofu Íslands kemur fram að heildarferðaneysla innanlands árið 2009 var rúmlega 184 milljarðar eða sem svarar 12,3% af vergri landsframleiðslu og fer sú tala hækkandi. Það er því ljóst að náttúra landsins skapar í dag umtalsverðar tekjur sem rétt er að renni í að tryggja að hún geti áfram staðið undir því nafni sem íslensk náttúra hefur getið sér um allan heim.

Björgum Ingólfs-torgsumræðunni

Skipulagsmál

Hjálmar Sveinsson
varaformaður
skipulagsráðs



Þessa dagana er rætt af kappi um verðlaunatillögu að skipulagi á húsareitnum milli Ingólfs-torgs og Kirkjustrætis. Það er von. Þetta er í kvosinni miðri, í næsta nágrenni við Alþingishúsið og rétt þar hjá sem landnámskálinn fannst fyrir fáeinum árum.

Borgaryfirvöld hljóta að fylgjast vandlega með umræðunum og taka mark á málefnalegum og vel rökstuddum athugasemdum. En borgaryfirvöld eiga og mega ekki taka mark á rangfærslum, órökstuddum alhæfingum og dylgjum. Til þess þarf reyndar nokkra staðfestu. Sérstaklega á tímum þegar vantraustið er ríkjandi tilfinning og auðvelt að þyrlla upp ryki.

Nærtækt dæmi er grein eftir Sverri Björnsson hönnuð sem birtist í blaðinu í gær. Nafn greinarinnar „skuggaleg áform“, segir sína sögu um málflutninginn. Ég sé ekki betur en að nánast allt sem Sverrir fullyrðir í greininni sé rangt.

Það er rangt að minnka eigi „sólarsýnina“ við Austurvöll. Fyrirhugað hallandi mansardþak með kvistum á Landsímahúsinu, eins og er á Hótel Borg, mun ekki hafa nein áhrif á sólskinuð á Austurvelli.

Það er rangt að til standi að króa af elsta hús Reykjavíkur, Aðalstræti 10, milli „hárra stórhýsa“. Nýbygging, sem tillagan gerir ráð fyrir að risi syðst á Ingólfs-torgi, þar sem hið glæsilega Hótel Ísland var áður, er aðeins þrjár hæðir. Það er með skemmtilegum þakgarði fyrir almenning. Tillöguhöfundar gera ráð fyrir að þarna verði menningarhús. Ekki hótél.

Það er rangt að búa eigi til „þröngt og skuggalegt sund“ þar sem Vallarstræti er. Þvert á móti er þarna gert ráð fyrir fal-

legri, þröngri götu, álíka þröngri og göturnar í Grjótaþorpi, með verslun og þjónustu á aðra hönd en menningarhús á hina.

Það er rangt að loka eigi fyrir akandi umferð almennings um miðbæinn til að „hægt sé að þjónusta risavaxið hótél“. Að vísu stendur til að loka Vallarstræti og Veltusundi fyrir akandi umferð. En það er til að gera svæðið meira aðlaðandi fyrir fótgangandi vegfarendur og hefur ekkert með hótelið að gera.

Það er í fimmta lagi rangt að taka eigi „af okkur stóran hluta útivistarsvæðisins á Ingólfs-torgi“. Tillagan gerir ráð fyrir að sólríkari hluta torgsins, norðurhlutanum, verði lyft upp og að sá hluti torgsins stækki verulega þegar torgið breiðkar til austurs og lengist til norðurs. Ingólfs-torg nær þá alveg að Fálkahúsinu og að húsunum við Veltusund, þar sem nú er fjöldi bíla í sólbaði á degi hverjum.

„Ég tel ekki að verðlaunatillagan sé gallalaus en ég er sannfærður um að hún er skref í rétta átt.“

Í lok greinar sinnar hvetur Sverrir fólk til að greiða atkvæði sitt gegn „umhverfisofbeldinu“ á vefnum Ekkihotel.is. Sé farið þangað inn kemur í ljós að þar hefur tekist að fá yfir 10.000 manns til að skrifa undir svipaðar rangfærslur og eru í grein Svrris. Það er frekar dapurt.

Það breytir samt ekki því að hugsa þarf vandlega hvert skref sem tekið er á þessum slóðum. Ég tel ekki að verðlaunatillagan sé gallalaus en ég er sannfærður um að hún er skref í rétta átt. Hún getur orðið mikilvæg lyftistöng fyrir mannlíf, þjónustu og menningu í miðborginni. Höldum endilega áfram að ræða kosti og galla verðlaunatillögunnar af kappi. Hættum upphrópunum og rangfærslum.

ÍSLENSKI BÓNUSPOTTURINN STEFNIR Í 30 MILLJÓNIR!

110.000.000
+840.000.000

950 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 950.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 110 milljónir, Ofurpotturinn í 840 milljónir og Íslenski bónuspotturinn í 30 milljónir.

Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is



VÍKINGA
LOTTO

ALLTAF Á MIDVIKUDÖGUM!
MÍÐINN GILDIR 18. JÚLÍ 2012

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42

Umbætur í háskólamálum

Menntamálaráðgjafi

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðgjafi



Á undanföllum vikum hafa orðið þáttaskil í samskiptum stjórnvalda og háskólanna í landinu með gerð samninga við þá alla til fimm ára um fjárfraðslög til kennslu og rannsóknna. Með samningunum er tekin upp ný aðferðafræði í þessum samskiptum og þar fjallað um þjónustu og verkefni háskólanna, tilgreind fræðasvið þeirra og stærð þeirra afmörkuð í fjölda nemenda og ársnema. Fjallað um réttindi og skyldur nemenda og ábyrgð skóla. Ítarlega er fjallað um framlög ríkisins og fjárhagsleg samskipti auk umfjöllunar um upplýsingagjöf, samskipti og eftirlit.

Fleiri atriði má nefna sem eru ný af nálinni. Þannig er ætlast til að háskólar skilgreini og birti lágmarkskröfur um aðgangsviðmið nemenda sem hefja nám á grunnstigi í einstökum deildum og/eða námsbrautum. Við framsetningu aðgangsviðmiða verði tekið mið af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Aðgangsviðmið einstakra deilda á háskólastigi eru mikilvægur upplýsingar fyrir framhaldsskóla við gerð námsbrauta og fyrir námsmenn við sérhæft námsval. Háskólarnir munu í síðasta lagi skólaárið 2014/2015 birta aðgangsviðmið allra námsleiða sinna og er gert ráð fyrir að allir framhaldsskólar kenni samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015.

Þá vinna háskólarnir að aukinni nýtingu frjáls hugbúnaðar í háskólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað en ávinningur af nýtingu frjáls hugbúnaðar er mikill.

Frjáls hugbúnaður gerir skólann óháðari einstökum aðilum og býður frjáls hugbúnaður upp á kennslumöguleika sem ekki eru fyrir hendi í séreignarhugbúnaði, svo sem að kynna sér innri virkni hugbúnaðarins og að taka virkari þátt í þróun hugbúnaðarins. Með frelsinu til að dreifa hugbúnaðinum getur háskólinn jafnframt stuðlað að jöfnuði meðal nemenda skólans og starfsmanna þar sem sami hugbúnaður stendur öllum til boða. Fjárhagslegur ávinningur getur einnig orðið umtalsverður þar sem ekki er greitt fyrir hugbúnaðarleyfi og hægt er að auka samstarf og samnýtingu til að draga úr bæði notkunar- og þróunarkostnaði.

Að lokum má nefna að við innra og ytra mat háskóla er m.a. byggt á tölulegum gögnum sem gefa mynd af starfi og árangri skólans. Markmiðið er að fá sem gleggsta heildarmynd af háskólanum og hvernig þeir þróast í samanburði. Háskólarnir munu skila reglulega yfirliti yfir lykiltölur í samræmi við birtingaráætlun. Mennta- og menningarmálaráðgjafi mun jafnframt birta lykiltölur um háskólakerfið í heild.

Mikið starf hefur verið unnið á undanföllum árum við að auka gæði íslenskra háskóla þrátt fyrir erfitt efnahagsástand og niðurskurð á öllum sviðum hins opinbera. Rammi stjórnsýslunnar skiptir þar máli, rétt eins og gæði kennslu og rannsókna. Sú aðferðafræði sem hér er lýst er tvímælalaust til þess fallin að gera íslenska háskólakerfið betra og stjórnsýslu þess gagnsærri öllum almenningi og styrkja umgjörðina um hið mikilvæga starf háskólanna sem er lífsnauðsynlegt hverju því samfélagi sem vill byggja atvinnuuppbyggingu og framtíðarsýn á þekkingu og nýsköpun.

Til hamingju með undirritun Evrópska landslagssamningsins

Náttúruvernd

Auður Sveinsdóttir
landslagsarkitekt og dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands



Fyrir tilstilli Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra varð Ísland 40. Evrópuþjóðin af 47 til að undirrita Evrópska landslagssamninginn (The European Landscape Convention) þann 29. júní síðastliðinn. Henni tókst það sem fjórum forverum hennar lánaðist ekki á þeim tólf árum frá því samningurinn var samþykktur í Flórens 20. október árið 2000.

Upphaflega var hvatinn að samningnum sá, að talið var nauðsynlegt „að vekja athygli á landslaginu sem umlykur okkur og hversu mikilvægt það er hvað varðar lífsgæði fólks; í þéttbýli jafnt sem dreifbýli. Samningurinn snýst ekki aðeins um verndun landsvæða heldur ekki síst notkun, skipulag og meðferð á okkar daglega umhverfi „hversdagslandslaginu“.

Mörgum kann að þykja það undarlegt að það þurfi sérstakan samning um landslag, því til skamms tíma hefur landslagið í okkar hug verið ósnertanleg náttúra og einungis á valdi æðri máttarvalda að breyta. Sú afstaða vekur furðu því sýn manna og notkun á hugtakinu landslag hefur breyst mikið á síðustu áratugum, sbr. starfsheitið landslagsarkitekt.

Íslenskt landslag er ein meginstöðin undir búsetu okkar og veliðan hér á landi og rökinn fyrir því að taka þennan samning í notkun og nýta hann sem verkfæri eru m.a.

- Við búum í landi með fjölbreyttu landslagi og við verðum að styrkja, efla og sinna því
- Við þurfum að geta upplifað umhverfi okkar og gera okkur grein fyrir því að landslag á Íslandi er hluti af menningar- og náttúrulegri arfleifð okkar
- Við erum hluti af stærri heild og við berum ábyrgð. Íslenskt, norrænt, evrópskt og alþjóðlegt landslag
- Ferðaþjónusta á Íslandi er vaxandi atvinnugrein og við þurfum að átta okkur á því sem skiptir máli fyrir ferðamenn sem koma hingað. Að hverju eru þeir að leita?
- Við þurfum að tryggja matvælaöryggi

og sjálfsmynd okkar sem þjóðar. Það er verkefni okkar að nýta landslagið þannig að verðmæti þess verði viðhaldið og að gildi þess sé einnig varðveitt til lengri tíma lítið.

Landslagið með sínum náttúrufræðilegu og menningarlegu verðmætum er gífurlega mikilvæg samfélagsleg auðind sem getur haft efnahagsleg áhrif. Með því að nýta sér Evrópska landslagssamninginn er hægt að auka, efla og stuðla að lífsgæðum og heilbrigði þjóðarinnar.

Líta má á samninginn sem verkfærasett fyrir löggjafann (Alþingi) til að innleiða í viðeigandi lagaumhverfi og fyrir sveitarfélög að nýta sér ákvæði hans í sínar reglugerðir.

Fram undan blasir við áhuga-vert og ógrandi verkefni til vinnu með okkar íslenska landslag á margvíslegan hátt, innan stjórnsýslunnar, með beinum aðgerð-

„ Samningurinn snýst ekki aðeins um verndun landsvæða heldur ekki síst notkun, skipulag og meðferð á okkar daglega umhverfi „hversdagslandslaginu“.

Í landslaginu er saga þjóðarinnar skráð, hvernig við höfum lifað og starfað í landinu um aldir í blíðu og stríðu. Landslagið er í stöðugri breytingu og sérhver tími skilur eftir sig spor – minningar verða eftir – þær móta okkur og landslagið náttúrulegt og manngert er hluti af ímynd

um sveitarfélaga, stofnana og almennings, auka meðvitund íbúa fyrir umhverfinu, efla rannsóknir og þróun á sviði landslagsfræða, styrkja skráningu og kortlagningu landslagsgerða svo eitthvað sé nefnt.

Íslenskt landslag er auðind – segir í raun allt sem segja þarf.

Harkaleg aðför að Snorra Óskarssyni í Betel

Trúmál

Ingvar Gíslason
fv. alþingismaður og ráðgjafi



Það situr e.t.v. ekki á mér öðrum einstaklingum fremur að ráðast í að verja málað Snorra Óskarssonar grunnskólakennara á Akureyri, sem bæjaryfirvöld hafa sagt upp störfum vegna afstöðu hans til málefna samkynhneigðra. Þó get ég ekki orða bundist.

Þótt við Snorri í Betel séum báðir kristnir menn, þá er hann ekki að öllu leyti „kristinn“ á sama hátt og ég. Í fyrsta lagi er hann afar virkur í safnaðarstarfi kirkjudeilda sinnar, beinlínis forustumaður þar. Ég má heita óvirkur félagi í þjóðkirkjunni, en á engan hátt áhugalaus um kirkjumál, kenningar og boðskap. Um þau efni ber margt á milli okkar Snorra. Hins vegar þekki ég svo vel kristniskilning Snorra að ég get sett mig í spor hans. Hvorki hneykslast ég á afstöðu hans til kristins boðskapar, hvað þá að ég beri mér það í munn að skilningur hans sé „út í hött“. Snorri Óskarsson er vel viti borinn maður og talar ekki út í hött.

Aftur á móti segi ég það alveg skýrt, að ég felli mig ekki við þá afstöðu hans og Hvítasunnunnanna að byggja kristni sína svo strangt á Mósélögum og gamla testamentinu sem raun ber vitni. Slík lög- málsfesta og ótæpar vísanir til forngyðinglegra bókmennta getur gengið úr hófi svo jafnvel stefnir þvert á orð Jesú Krists sjálf þegar til kjarnans kemur. Á orði Krists varð til hið nýja testamenti, nýr sáttmáli við Guð, sem augljóslega skilur kristindóm frá gyðingdómi. Hinn nýi sáttmáli er vitaskuld agað guðsorð, en eigi að síður „frjálslyndur“, getur þróast

með tímanum og lagað sig að aldarskilningi hverrar tíðar, varast bókstafstrú og stífa þrákelni í túlkun og boðun.

Þótt ég segi þetta um skilin milli gamla og nýja sáttmála milli Guðs og manna, sem ég lít á sem grundvöll kristinnar, þá veit ég eins vel og aðrir að kristni aldanna sagt upp störfum kreddur og kenningar beint til gamla testamentisins. Eitt af því lífseigasta í þeim efnun snertir hjúskap og kynlíf. Kirkjukristni um aldir og enn í dag, kaþólska kirkjan, lútersk kirkja, Kalvinistar, Biskupskirkjan, breska, ríkiskirkjur Norðurlanda, þjóðkirkjan íslenska fram á síðustu ár, — allar þessar kirkjur hafa öld af öld viðhaldið þeirri kenningu, þeirri guðfræði, að til hjúskapar verði ekki stofnað nema milli karls og konu. Þetta þýðir einfaldlega að á vegum kristnihalds þessara kirkna verður ekki stofnað til hjónabands karls og karls, konu og konu.

Þessi afstaða hefur reyndar verið að mildast nokkuð, m.a. hér á landi, svo að samkynhneigðir eru nú vígðir til hjónabands í íslensku þjóðkirkjunni. En fjarri fer því að hjónaband samkynhneigðra sé viðurkennt innan kristinna trúfélaga almennt. Fjölmennasta trúarsamfélagið, páfádómur, hafnar hjúskaparrétti samkynhneigðra. Rétttrúnaðarkirkjur í Austur-Evrópu og Grikklandi gera hið sama. Hvítasunnunöfnuður Snorra Óskarssonar er því fjarri því að vera einsdæmi í þessu sambandi. Nei, hann fylgir meginstraumnum.

Og þar með tel ég mér það auðvelt verk að gerast „réttar-

gæslumaður“ Snorra í Betel, þó ekki sé nema í stuttri blaðgrein. Sem gamall Akureyringur, sem þekkti mannskilning, söguþekkingu og dómgreind forustumanna í fræðslu- og skólamálu á Akureyri í minni tíð, Snorra Sigfús-sonar, Þorsteins M. Jónssonar, Hannesar J. Magnússonar, Eiríks Sigurðssonar, Jóhanns Frímans, Sverris Pálssonar og allra hinna furða ég mig á afstöðu skólayfirvalda gagnvart Snorra Óskarssyni, heidursmanni sem hann



Ég tel öll rök mæla með því að brottvikningarmál Snorra í Betel verði tekin upp að nýju...

er og góðum kennara. Honum er gefið að sök að vera eitthvert „únikum“ í trúarafstöðu og guðfræðiskilningi, þótt varla beri neitt á milli í afstöðu kirkjudeilda hans til hjúskapar samkynhneigðra og fjölmennustu kirkjustofnana heimsins. Mér skilst þó að Snorri sé sakaður um að predika útskúfunarkenningu öðrum fremur en jafnvel það er hæpinn sannleikur. Hún heyrir úr predikunarstólum fleiri kirkna en Hvítasunnunnanna, ef út í það er farið. Og hefur það sannast á Snorra, að hann hafi blandað helvítistrúnni inn í kennslu sína í lestri, skrift og reikningi og öðrum meginstöðum grunnskólauppræðslunnar?

Ég tel öll rök mæla með því að brottvikningarmál Snorra í Betel verði tekin upp að nýju, ekki endilega fyrir dómstólum, heldur á embættis- og samningsgrundvelli með það markmið í huga að hann endurheimti kennarastöðu sína. — Að endingu: Til þess að losa sjálfan mig við hugsanlegt þras um persónulegar skoðanir mínar frekar en ástæða er til, ítreka ég að ég set mig ekki upp á móti hjónaböndum samkynhneigðra.

Evrópumál

Seðlabanki Evrópu er sjálfstæð stofnun

AF EVRÓPUVEFNUM

Er Seðlabanki Evrópu einkabanki?

Brynhildur Ingimarsdóttir
verkefnastjóri á Evrópuvefnum



Seðlabanki Evrópu er ekki „einkabanki“ samkvæmt almenntri skilgreiningu á hugtakinu, það er bankinn er ekki viðskiptabanki í eigu einkaaðila. Seðlabanki Evrópu er ein af stofnunum Evrópusambandsins og eru seðlabankar aðildarríkja Evrópusambandsins eigendur alls hluta- fjárfjár banksins. Bankinn er þungamiðja seðlabankakerfis Evrópu (e. European System of Central Banks, ESCB) sem er vettvangur samstarfs seðlabanka aðildarríkja ESB til að viðhalda fjármálastöðugleika í Evrópusambandinu.

Seðlabanki Evrópu er sjálfstæð stofnun sem hýsir samvinnu evruríkjanna við stjórn peningamála, en þau aðildarríki Evrópusambandsins sem hafa tekið upp evru hafa sameiginlega peningamála- stefnu. Stefna evruríkjanna um stjórn peningamála er ákvörðuð á vettvangi bankans með aðkomu seðlabankastjóra evruríkjanna. Seðlabanki evruríkjanna hafa síðan umsjón með framkvæmd stefnunnar í heimalöndum sínum.

Hitt er annað mál hvort seðlabankar aðildarríkja Evrópusambandsins, sem eru eigendur Seðla-

banka Evrópu, séu í einka- eða ríkiseigu. Seðlabankar komu á sjónarsviðið á 17. öld. Sá fyrsti var stofnaður í Svíþjóð árið 1656 og seðlabanki Englands var stofnaður í kjölfarið, árið 1694. Upprunalegu seðlabankarnir voru stofnaðir af einkaaðilum og voru lengi í einka- eigu. Á miðri tuttugustu öld voru seðlabankar víðs vegar í heiminum þjóðnýttir og á síðari hluta tuttugustu aldar var áhersla lögð á að gera þá sjálfstæða gagnvart stjórnvöldum innanlands.

Í dag eru seðlabankar yfirleitt sjálfstæðar stofnanir í eigu ríkja. Eftir því sem Evrópuvefurinn kemst næst eru þó til seðlabankar á evrusvæðinu sem eru að einhverju leyti í einkaeigu. Seðlabanki Belgíu er til að mynda að hluta til í einkaeigu og er bankinn skráður á hlutabréfamarkað í belgísku kauphöllinni. Bankinn var stofnaður sem hlutafélag árið 1850 og voru eigendur hlutafjárins belgískir viðskiptabankar, sem fram að því höfðu sjálfir haft myntsláttu og prentun seðla á höndum, en síðar var ákveðið að setja hlutabréf bankans á markað. Árið 1948 var heildarhlutafélag seðlabankans auknið og belgíska ríkið varð eigi- andi helmings heildarhlutafjár bankans. Hinn helmingurinn var áfram í höndum einkaaðila. Enn þann dag í dag geta almennir fjárfestar og fjármálafyrirtæki átt hlut í seðlabanka Belgíu. Svipaða sögu er að segja af seðlabanka Grikklands sem er einnig skráður á hlutabréfamarkað.

Europrið

TILBOÐIN GILDA 18.7.-24.7. 2012
EDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



79

COCA COLA
33 cl



Borð + 2 stólar
Sparaðu kr 3280

6990

GARÐSETT

Tveir stólar og borð
Stakur stóll, kr 3290
Stakt borð, kr 3690
Ath! Sessur fylgja ekki



50 metrar

2790

PAPPÍRSDÚKUR

50 metrar
6 metrar, kr 399



5990

UNGBARNARUGGUSTÓLL



Svefnpokar í úrvali

frá **2490**



2590

ÚTILEGUSTÓLL

1,5 cm bólstur
Verð áður: kr 2990



4990

ÚTILEGUBORÐ

80x60 cm
Verð áður: kr 6490



49.990

23" LCD SJÓNVARP TECHNIKA H264

Full HD með innbyggðum DVD spilara
Verð áður: kr 59.999



18.990

VERANDAVERMIR

Gasvermir
Svartur



50 lítrar

1290

PLASTKASSI

59x40x38 cm
Fleiri litir

149

FAXE KONDI BOOSTER

Orkudrykkur
25 cl



frá **2990**

FERÐATÖSKUR SOFT EXCALIBUR

H:45 cm, kr 2990
H:55 cm, kr 5990
H:65 cm, kr 7490
H:75 cm, kr 8590



591 ml

299

HÚÐKREM

Aloe Vera, Vitamin E og Cocoa Butter



414 ml

399

BARNAOLÍA



236 ml

199

HANDSÁPA

Tvær gerðir



414 ml

199

FABULOUS FRUIT

Sjampó / hárnæring



2,3 kg

599

ÞVOTTAEFNI



5 kg

1990

ÞVOTTAEFNI

Fyrir hvítan og litaðan þvott



489

ELDHÚSRÚLLA

1x8. Ein rúlla jafngildir átta venjulegum eldhúsrúllum



500 ml

199

UPPPVOTTALÖGUR



199

SALERNISPAPPÍR

8 rúllur, Miljøspar



6 kg

1990

HUNDAÞURRFÓÐUR



99

KATTAMATUR

415 g
Túnfiskur, kr 99
Kjúklingur og lifur, kr 159
Nautakjöt, kr 159



Kattasandur í úrvali!

frá

499

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

KÁTT Í KJÓSINNI

Boðið verður upp á viðburði, leiðsagnir um sögustaði og lífríki fjörunnar, markað og margt fleira í Kjósinni á laugardag. Þá verður haldið heimsmeistaramót í heyrúlluskreytingum á túninu við Eyrarkot, teymt undir börnum og boðið upp á fría veiði í Meðalfellsvatni.



BRÚÐKAUPSGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum

TILBOÐ



TÉKK
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

HALDIÐ Í VÍKING

BERAST Á BANASPJÓT Félagarnir Árni Eiríkur Bergsteinsson og Ingólfur Már Grímsson eru á leiðinni á Moesgaard-víkingahátíðina í Danmörku sem haldin er í næstu viku. Þar munu 400 manns berjast þar til einn stendur eftir.

Árni og Ingó, eins og hann er kallaður, sem situr fyrir svörum, hafa starfað saman á hárgreiðslustofunni Hárbeitt frá 1994. Árið 2005 voru þeir fengnir á víkingahátíðina í Hafnarfirði til að flétta og greiða hár. Í kjölfarið gengu þeir í víkingafélagið Rimmugýgi í Hafnarfirði og hafa verið óstöðvandi síðan. Að minnsta kosti einu sinni á ári fara þeir á víkingahátíð erlendis auk þess að taka þátt í fjölda viðburða hérlendis. „Þátttaka í víkingafélagi snýst um að endurgera fortíðina eins sögulega rétt og mögulegt er og það er lagður mikill metnaður í það. Við smíðum og saumum eins mikið og við getum af okkar munum; skartgrip, fatnað, vopn, tjöld, stóla og fleira. Allt eins og var í fyrndinni,“ segir Ingó.

Á föstudaginn fara þeir félagar til Moesgaard í Danmörku, á eina stærstu víkingahátíð sem haldin er árlega í Evrópu. Hátíðina sækja um 1.200 manns auk fleiri þúsund áhorfenda. Þar munu þeir félagar dvelja í æfingabúðum næstu vikuna sem lýkur með nokkrum bardagalotum. „Frá mánudegi til fimmtudags eru vinnubúðir og námskeið í gangi. Á föstudeginum er svo skipt upp í tvö 200 manna lið, skipaðir höfðingjar og búið til bardagaplan. Á laugardag og sunnudag eru tveir bardagar hvorn dag milli þessara liða. Eftir hvern er svo bardagahringur þar sem allir eru á móti öllum og aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.“

En þó verið sé að berjast, snýst víkingafélagsskapur um meira en það. „Annaðhvort er fólk í bardögum, leikjum, handverki eða bogfimi. Þarna er pláss fyrir alla í fjölskyldunni, enda erum við konan mín saman í þessu og förum saman út með tveggja og hálfis árs son okkar.“ Mikið er lagt í hátíðina og er tjaldsvæðum skipt upp þannig að þeir sem eru með venjuleg tjöld og svefnpoka eru á sér tjaldsvæði. Á hinu er reynt líkja eftir raunveruleika víkinganna. „Tjaldið mitt er sérstaklega með tréverki sem heldur því uppi. Á gólfinu er



motta úr kýrhúð og í loftinu hangir tréhilli með skálum og diskum. Svo er ég með sérsmíðaðan stól, kistil sem náttborð og tvíbreitt rúm með gærum yfir og útsaum-uðu ullarteppi. Tjald Árna er svipað nema með þremur einbreiðum rúmum. Á daginn er mikið fjör; sölu- og sýningarbasar og markaðstorg með ýmsum víkingamun-um og mikið af fólki. Matur er eldaður á hlóðum og á kvöldin er slegið upp veislu og drukkin mjóður.“ Næsta vika hjá þeim köppum verður því í anda liðinna tíma þar sem verður sungið, drukkíð, etið og borist á banaspjót.

vidir@365.is

VÍGALEGRÍ VÍK-INGAR

Árni og Ingó munu taka þátt í 400 manna bardaga þar sem barist verður þar til aðeins einn stendur uppi.

MYND/STEFÁN

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari>

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfra öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubóta. Hvað um þig?
Teg: Arisona. St. 35 – 48. Verð: 12.885,-

Misty skor
Laugavegi 178

